

Skýrsla

Fjölbrautaskóli Vesturlands

Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti



Bragi Guðmundsson
Trausti Þorsteinsson

Gát sf.
2012

© Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson, 2012.
Fjölbrautaskóli Vesturlands. Úttekt.
Unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Mynd á forsíðu fengin hjá skólameistara FVA.

Heildarmat

- Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er áfangaskóli með fjölbreytt námsframboð. Fjöldi nemenda í reglubundnu námi í FVA hefur verið tiltölulega stöðugur undanfarin ár þrátt fyrir fjölgun framhaldsskóla á Vesturlandi. Piltar eru talsvert fleiri en stúlkur, um 60% á móti 40%.
- Brottfall nemenda er talsvert hátt, að jafnaði á bilinu 5–11%. Ekki liggja fyrir skýringar um ástæður þessa. Þá er talsvert um óheimilar fjarvistir meðal nemenda.
- FVA er vel mannaður kennurum og öðru starfsfólki. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur kennara langur.
- Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð árlega frá 2002. Þar er ekki gerð grein fyrir sýn og stefnu FVA en markmið skólans eru skýrt fram sett. Engin umfjöllun er um kennsluhætti og virðist skólinn ekki hafa mótað stefnu um þá.
- Hver nemandi nýtur að jafnaði meiri athygli í verknámi en bóknámi, einkum þegar lengra er komið. Nokkuð stór hluti verknámsnemenda fellur fljótt út vegna ónógrar frammi-stöðu.
- Í flestum áföngum eru haldin lokapróf í annarlok og þau eru venjulega stærsti hluti námsmatsins. Einkunnir fyrir próf eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 en heimilt er að nota annars konar einkunnir fyrir verkefni, t.d. umsagnir eða bókstafi.
- Sérfræðiþjónusta skólans er í meginatriðum byggð á námsráðgjöf. Námsráðgjafar sinna ekki greiningum en styðjast við greiningar sem nemendur koma með sér úr grunnskóla.
- Í skólanámskrá er móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Innflytjendur eru margir á skólasvæði FVA og nærfellt tveir tugir nemenda skólans eru af erlendu bergi brotnir.
- Stjórnun skólans er í traustum skorðum og tekur mið af ákvæðum gildandi laga um framhaldsskóla. Auk lagabundinna nefnda eða ráða starfar við skólann fulltrúaráð sem skipað er fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem að skólanum standa. Ráðið fundar reglulega og hefur stutt skólann dyggilega og styrkir tengsl við sveitarfélögin.
- Stjórnkerfi skólans er tiltölulega lágrest og greitt aðgengi er að stjórnendum. Áhersla er lögð á opin og jákvæð samskipti stjórnenda, starfsmanna og nemenda.
- Forföll meðal kennara hafa verið tíð og of hátt hlutfall kennslustunda fellur niður sökum þess.
- Rekstur skólans gekk vel á árinu 2011. Afgangur varð af rekstri sem kemur til greiðslu á uppsöfnuðu tapi fyrri ára. Skólinn hefur að undanfögnu búið við minnkandi fjárframlög vegna aðhaldsaðgerða ríkisins og fækkunar nemenda.
- Hlutar húsnæðis og endurnýjun nauðsynlegs kennslubúnaðar hefur liðið fyrir aðhaldsaðgerðir síðustu ára.
- Í FVA ríkir heilsteyptur og jákvæður skólabragur. Niðurstöður úr sjálfsmati skólans benda til að nemendum líði almennt vel í skólanum. Lítið verður vart við einelti.
- Vel er staðið að innra mati skólans og framkvæmd þess er í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Mótuð hefur verið sjálfsmatsáætlun til skólaársins 2013–14 og árlega er gefin út sjálfsmatskýrsla. Sjálfsmat skólans hefur skýra tengingu við markmið skólanámskrár sem er til fyrirmyndar.

Efnisyfirlit

1	Inngangur.....	5
2	Fjölbrautaskóli Vesturlands.....	6
2.1	Nemendur.....	6
2.1.1	Brottfall.....	8
2.2	Starfsfólk.....	8
2.3	Húsnæði og aðbúnaður.....	10
2.4	Hlutverk og stefna.....	10
2.5	Námsbrautir.....	11
2.6	Námstími.....	12
2.7	Bókasafn.....	13
2.8	Tölvur og upplýsingatækni.....	13
2.9	Námsráðgjöf.....	14
2.10	Heimavist og mötuneyti.....	14
2.11	Mat úttektaraðila.....	15
3	Nám og kennsla.....	16
3.1	Kennsluhættir.....	17
3.1.1	Námsmat.....	18
3.2	Heimanám.....	18
3.3	Stefnumótun.....	19
3.4	Umbóta- og skólaþróunarverkefni.....	19
3.5	Mat úttektaraðila.....	20
4	Stjórnun og rekstur.....	21
4.1	Skipurit.....	21
4.2	Skólanefnd.....	21
4.3	Fulltrúaráð.....	21
4.4	Skólaráð.....	22
4.5	Rekstur skólans.....	22
4.6	Starfsmannastefna.....	23
4.7	Starfsmannafundir.....	24
4.8	Mannauður.....	24
4.8.1	Starfsmannavelta.....	24
4.8.2	Forfallakennsla.....	25
4.9	Mat úttektaraðila.....	25
5	Nemendur.....	26
5.1	Umsjón.....	26
5.2	Nemendur með sérþarfir.....	26
5.2.1	Starfsbraut.....	27
5.2.2	Nemendur af erlendum uppruna.....	27
5.3	Nemendafélag FVA.....	28
5.4	Mat úttektaraðila.....	29
6	Skólabragur og samskipti.....	30
6.1	Mat úttektaraðila.....	30
7	Innra mat.....	31
7.1	Mat úttektaraðila.....	32
8	Foreldrasamstarf og ytri tengsl.....	33
8.1	Foreldraráð.....	33
8.2	Ytri tengsl.....	33
8.3	Mat úttektaraðila.....	34

9	Niðurstöður.....	35
9.1	Styrkleikar og veikleikar.....	37
9.2	Aðgerðir.....	38
10	Heimildir.....	39

Töflur

Tafla 1: Hlutfallsleg skipting nemenda eftir lögheimili.....	6
Tafla 2: Innritun vor og haust 2007–2011.	6
Tafla 3: Fjöldi innritaðra nemenda 15. sept. 2011 og 15. jan. 2012 eftir aldri.	7
Tafla 4: Fjöldi nemenda eftir brautum 15. janúar 2012.	8
Tafla 5: Fjöldi starfsmanna við kennslu skipt eftir kynjum.	9
Tafla 6: Fjöldi annars starfsfólks en þeirra er starfa við kennslu skipt eftir kynjum.	9
Tafla 7: Inntökuskilyrði á stúdentsprófsbrautir.	11
Tafla 8: Menntun kennara í FVA.	24
Tafla 9: Starfsaldur kennara í FVA.	24
Tafla 10: Starfsmannavelta í FVA 2007–2011	25
Tafla 11: Sjálfsmatsáætlun FVA 2008–2014.	31

1 Inngangur

Sá texti sem hér fer á eftir geymir niðurstöður úttektar á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands í samræmi við fyrirmæli gildandi laga og erindisbréf mennta- og menningarmálaráðuneytisins til úttektaraðila, dagsett 3. febrúar 2012. Við úttektina er jafnframt litið til *Aðalnámskrár framhaldsskóla*, 2004 og 2011, og reglugerða eftir því sem við á.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið fól Braga Guðmundssyni, prófessor við hug- og félagsvísindasvið Háskólans á Akureyri, og Trausta Þorsteinssyni, lektor við sama svið og skóla, að gera úttektina. Í erindisbréfi ráðuneytisins var þeim falið að horfa sérstaklega til eftirfarandi þátta: Stjórnun og rekstur; Skólanámskrá; Nám og kennsla; Innra mat; Skólabragur og samskipti; Samstarf við foreldra; Sérþarfir nemenda. Meginkaflaskipan skýrslunnar fylgir í öllum aðalatriðum þessum fyrirmælum ráðuneytisins. Að lokinni grunnupplýsingagjöf innan hvers kafla þar sem leitast er við að draga upp mynd af viðfangsefninu kemur mat úttektaraðila og bent er á leiðir til úrbóta þar sem þeirra er þörf. Stutt samantekt er fremst í skýrslunni.

Gagnaöflun fór fram með þrennum hætti: Fyrst var heimasíða skólans könnuð og sóttar hverjar þær upplýsingar sem skýrsluhöfundar töldu að myndu nýtast. Að því búnu var óskað upplýsinga um tiltekin atriði með bréfi til skólastjóra, dagsett 29. febrúar 2012 (fylgiskjal 1). Við þeim óskum var brugðist fúslega og erindinu svarað fáum dögum síðar. Í þriðja lagi heimsóttu úttektaraðilar skólann í tvo daga, 22.–23. mars. Markmið heimsóknarinnar var að kynnast skólanum og skólastarfinu af eigin raun og taka ítarleg viðtöl við hlutaðeigandi. Í þessum viðtölum var stuðst við viðtalsramma og þau voru öll hljóðrituð með góðfúslegu leyfi viðmælenda. Þeir voru þessir: Skólameistari, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, formaður skólaneftndar, fjármálastjóri og tveir starfsmenn á skrifstofu, rýnihópur sex deildarstjóra (íslenska og saga, erlend tungumál, raun- og heilbrigðisgreinar, rafiðngreinar, bygginga- og mannvirkjagreinar, málmíðngreinar), rýnihópur níu kennara úr bóknáms- og verknámsgreinum, forstöðumaður bókasafns, rýnihópur átta nemenda í bóknámi, rýnihópur átta nemenda í verknámi, rýnihópur þriggja námsráðgjafa og deildarstjóra starfsbrautar, stjórn foreldrafélagsins, rýnihópur annars starfsfólks (umsjónarmaður húsa, heimavistarstjóri, kerfisstjóri), rýnihópur stjórnar nemendafélagsins og félagsmálafulltrúa.

Óskað var liðsinnis formanns nemendafélagsins við tilnefningu nemenda í rýnihópa og trúnaðarmanns kennara um val á kennurum í rýnihóp. Nánari upplýsingar um gögn að baki skýrslunni eru í heimildaskrá. Úttektaraðilar þakka öllum þeim sem þátt tóku í rýnihópum, veittu viðtöl og aðstoð með öðrum hætti við gagnaöflun.

2 Fjölbrautaskóli Vesturlands

Sumarið 1977 var gerður samningur milli Akraneskaupstaðar og menntamálaráðuneytisins um stofnun framhaldsskóla á Akranesi. Skólinn hlaut nafnið Fjölbrautaskólinn á Akranesi og var settur í fyrsta sinn 12. september 1977. Allt nám var skipulagt í áfangakerfi og skólinn markaði viss tímamót í skólamáli á Vesturlandi. Hann tók við bæði húsnæði og hlutverkum Gagnfræðaskólans og Iðnskólans á Akranesi. Víðtækt samstarf var við framhaldsdeildir grunnskóla á Vesturlandi og Héraðsskólans í Reykholti um samræmingu kennslu og námskrafna.

Með þessu var grundvöllur lagður að stofnun Fjölbrautaskóla Vesturlands (FVA) sem settur var í fyrsta sinn 6. febrúar 1987. Þá tók gildi samningur 32 sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur sameiginlegs framhaldsskóla í samvinnu við menntamálaráðuneytið. Samningurinn hefur tekið nokkrum breytingum síðan, m.a. vegna breytinga á lögum um framhaldsskóla.¹ Síðan fyrsti samningurinn um FVA var undirritaður hefur sveitarfélögum fækkað vegna sameiningar og önnur hafið samstarf um rekstur framhaldsskóla í Grundarfirði. Akraneskaupstaður, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur eru nú aðilar að samningi um FVA er undirritaður var 23. maí 2011.²

Nemendur skólans skiptast eftir búsetu með eftirfarandi hætti (Tafla 1).³

Tafla 1: Hlutfallsleg skipting nemenda eftir lögheimili.

Lögheimili	Vorönn 2011	Haustönn 2011
Akranes	72%	72%
Hvalfjarðarsveit	5%	6%
Borgarbyggð	12%	11%
Aðrir staðir á Vesturlandi	4%	3%
Utan Vesturlands	7%	8%

2.1 Nemendur

Fjöldi nemenda í FVA hefur verið nokkuð breytilegur frá önn til annar. Ársnemendur árið 2005 voru 505 en fimm árum síðar voru þeir 520. Við upphaf vorannar 2011 voru nemendur skólans 498 en 623 við upphaf haustannar sama ár. Að jafnaði innritast að hausti um 125–130 nýnemar sem luku grunnskóla vorið áður (sjá töflu 2).⁴

Tafla 2: Innritun vor og haust 2007-2011.

	Fjöldi	Bóknám	Iðnnám	Annað
Haustönn 2007	133	42%	31%	27%
Haustönn 2008	134	44%	29%	27%
Haustönn 2009	127	49%	30%	21%
Haustönn 2010	123	56%	26%	18%
Haustönn 2011	115	55%	25%	20%

Aldursdreifing nemenda á haustönn 2011 var þannig að 14% þeirra voru fæddir fyrir 1991, 7% árið 1991 en aðrir á árunum 1992–1995. Piltar voru 57%, stúlkur 43% (tafla 3).⁵

¹ Brot úr sögu Fjölbrautaskóla Vesturlands.

² Skólanámskrá FVA. (2011), bls. 9; Samningur um Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. (2011).

³ Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2005 [og] 2011. (2006 og 2012), bls. 1.

⁴ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

⁵ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

Tafla 3: Fjöldi innritaðra nemenda 15. sept. 2011 og 15. jan. 2012 eftir aldri.

Nemendur fæddir:	15. sept. 2011			15. jan. 2012		
	Karlar	Konur		Karlar	Konur	
1957	1		1	1		1
1961		1	1			0
1962	1	1	2			0
1963	1		1	2		2
1966	1	1	2	1	1	2
1967			0	1	1	2
1968	1	2	3	1		1
1969	1	1	2	2		2
1970			0	1		1
1972	2	1	3	2		2
1973	2		2	2	1	3
1974			0			0
1975	1	3	4	1		1
1976	1		1	2		2
1977	1		1	1	1	2
1978			0	1		1
1979	3		3	3		3
1980	3	4	7	4	2	6
1981	1	2	3	1		1
1982	6	3	9	6	1	7
1983	4	5	9	2	3	5
1984	1	6	7	1	3	4
1985	1	2	3	3	2	5
1986	2	4	6	3	2	5
1987	7	4	11	6	5	11
1988	8	3	11	9		9
1989	6	6	12	6	6	12
1990	15	6	21	13	5	18
1991	30	12	42	22	7	29
1992	48	39	87	40	24	64
1993	75	49	124	68	51	119
1994	65	51	116	63	47	110
1995	65	57	122	59	56	115
	353	263	616	327	218	545

Meginskýringar á þessum kynjamun eru tvær að mati skólameistara. Annars vegar eru piltar talsvert fjölmennari (54%) en stúlkur í hópi 16–21 árs með lögheimili á Akranesi og í Hvalfjarðarsveit, hins vegar bjóða aðrir skólar í landshlutanum (framhaldsskólarnir í Grundarfirði og Borgarnesi) einkum bóknám sem höfðar fremur til stúlkna en pilta.

Nemendur skiptust niður á 18 skilgreindar námsbrautir í janúar 2012 eins og sjá má í töflu 4.⁶

⁶ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

Tafla 4: Fjöldi nemenda eftir brautum 15. janúar 2012.

	Braut	Fjöldi
AF	Almenn námsbraut, fornám	16
AT	Almenn námsbraut, tækninám	25
AU	Almenn námsbraut, undirbúningsnám	47
FÉ	Félagsfræðabraut	147
GBM	Grunndeild byggingar og mannvirkjagreina	4
GR	Grunndeild rafiðngreina	31
HÚ8	Húsasmíði	13
MB	Málabraut	34
MG	Grunndeild málmíðna	37
NÁ	Náttúrufræðibraut	96
ÓTN	Ótilgreint nám	39
RK8	Rafvirkjun, iðnnám á verknámsbraut	2
RK9	Rafvirkjun, samningsbundið iðnnám	1
ST4	Starfsbraut	8
VH	Viðskipta- og hagfræðibraut	10
VI	Viðskiptabraut	5
VS8	Vélvirkjun, iðnnám á verknámsbraut	9
VSS	Viðbótarnám til stúdentsprófs	21

Réttur helmingur nemenda (50%) stundaði nám á þremur bóknámsbrautum til stúdentsprófs haustið 2011, á viðskipta- og hagfræðibraut voru 2% (brautin var lögð niður þetta ár) og viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfs- eða listnám stunduðu 3%. Bygginga- og málmíðngreinar iðkuðu 17% nemenda, 8% námu rafiðngreinar, 2% voru á viðskiptabraut, 1% á starfsbraut, 8% voru í ótilgreindu námi og 10% á almennri braut. Brautskráðir nemendur almanaksárið 2011 voru samtals 146, þar af 85 með stúdentspróf og 35 með burtfararpróf af iðnbrautum. Af stúdentunum 85 luku 13 jafnframt burtfararprófi af iðnbraut eða 37% þeirra sem luku slíku burtfararprófi.⁷

2.1.1 Brottfall

Brottfall nemenda síðustu tuttugu annir hefur sveiflast frá rúmum 5% (vorönn 2004) í rúm 11% (vorönn 2009). Almanaksárið 2011 var brottfall 9,1% á vorönn en 7,3% á haustönn, samtals rúm 8%. Árið áður var brottfall nemenda úr FVA rúmlega 6%.

Í *Ársskýrslu 2011* (bls. 1) segir að hvorki liggi fyrir skýringar um ástæður sveiflnanna né heldur er reynt að greina orsakir brottfallsins yfirleitt. Rýnihópur deildarstjóra hafði ekki heldur skýringar á reiðum höndum en benti á að skilgreiningar vanti á því hvað teljist til brottfalls og hvað ekki. Það að nemandi hætti á einni námsbraut tákni ekki endilega að þar með sé hann hættur skólagöngu.

2.2 Starfsfólk

Í bréfi frá skólameistara til úttektaðila, dags. 8. mars 2012, eru ítarlegar upplýsingar um starfsfólk við FVA. Fjórir starfsmenn hafa stjórnun að aðalstarfi: skólameistari og aðstoðarskólameistari sem eru báðir karlar og áfangastjóri og fjármálastjóri sem eru konur.

⁷ *Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2011*. (2012), bls. 1–2.

Stöðuhlutfall skólameistara og fjármálastjóra er 100%. Stöðuhlutfall aðstoðarskólameistara er 90% við stjórnun og 10% við kennslu. Stöðuhlutfall áfangastjóra er 85% við stjórnun og 15% við kennslu. Samtals er stjórnunarhlutfall þessara fjögurra 3,75 stöðugildi.

Deildarstjórar eru tíu í hlutastarfi við faglega stjórnun, fimm konur og fimm karlar, og stjórnar hver einum flokki námsgreina (íslenska og saga; íþróttir; málmíðngreinar; rafiðngreinar; raungreinar og heilbrigðisgreinar; samfélagsgreinar; starfsbrautaráfangar; stærðfræði-, viðskipta- og tölvugreinar; tréiðngreinar og listgreinar; tungumál).⁸ Í töflu 5 er yfirlit yfir þá sem starfa að kennslu.

Tafla 5: Fjöldi starfsmanna við kennslu skipt eftir kynjum.

	Karlar	Konur	Alls
Framhaldsskólakennarar í fullu starfi	21	19	40
Framhaldsskólakennarar í hálfu starfi	1		1
Framhaldsskólakennari í 25% starfi, stundakennsla		1	1
Leiðbeinandi í fullu starfi	1		1
Leiðbeinandi í 16,67% starfi, stundakennsla	1		1
Samtals:	24	20	44

Taflan sýnir fjölda kennara og leiðbeinenda við skólann í febrúarbyrjun 2012. Námsráðgjafar og deildarstjórar eru taldir með en ekki þeir sem hafa stjórnun að aðalstarfi þótt þeir uppfylli hluta vinnuskyldu sinnar með kennslu. Af framhaldsskólakennurum í fullu starfi er einn karl í leyfi alla önnina vegna veikinda, annar í námsorlofi og ein kona í barneignaleyfi. Þrír þeirra sem taldir eru starfa því ekki við skólann á vorönn 2012. Þá er auk framangreindra einn karl á hálfum launum eftir að hafa fengið tímabundna lausn frá störfum.

Aðrir starfsmenn FVA en stjórnendur og kennarar eru sýndir í töflu 6, starfshlutfall hvers þeirra er í sviga.

Tafla 6: Fjöldi annars starfsfólks en þeirra er starfa við kennslu skipt eftir kynjum.

	Karlar	Konur	Alls
Umsjónarmaður tölvukerfis (100%)		1	1
Umsjónarmaður húsnæðis (100%)	1		1
Starfsmaður á bókasafni (83%)		1	1
Starfsmenn á skrifstofu (75% hvor)		2	2
Stuðningsfulltrúi á starfsbraut (85%)		1	1
Forstöðumaður mötuneytis (100%)	1		1
Starfsmenn í mötuneyti (63% hvor?)		2	2
Forstöðumaður á heimavist (100%)		1	1
Gæslumaður á heimavist (23%)	1		1
Gæslum. á heimavist og starfsm. v. ræstingu (62%)		1	1
Starfsmenn við ræstingu (29–90%)		8	8
Starfsmaður á kaffistofu kennara (85%)		1	1
Samtals	3	18	21
Fjöldi stjórnenda	2	2	4
Fjöldi við kennslustörf	24	20	44
Heildarfjöldi starfsmanna FVA	29	40	69

⁸ Matsskýrsla Fjölbrotaskóla Vesturlands á haustönn 2011. (2011), bls. 2.

2.3 Húsnæði og aðbúnaður

Húsnæði FVA er mikið að flatarmáli en byggt í nokkrum áföngum á löngum tíma, allt með hagsmuni skólastarfs í huga. Vegna langs byggingartíma og þess að áföngum hefur verið skeytt hverjum við annan er skipulagi um sumt áfátt en heildarrými er mikið og reyndar yfirdrifið fyrir þá starfsemi sem þar fer fram. Enda var upphaflega gert ráð fyrir að skólinn yrði eini framhaldsskólinn á Vesturlandi og þjónaði unglingum af því öllu.⁹ Aðstoðarskóla-meistari telur að þetta mikla húsnæði hafi komið niður á fjárhag skólans því honum var á tímabili gert gert að greiða leigu fyrir húsrými sem ekki þurfti að nota.

Innangengt er um öll hús skólans nema hús málmíðngreina sem er stakstætt á lóð skólans. Sama er um heimavistina sem stendur örskammt frá kennsluhúsnæðinu. Um hana er fjallað í kafla 2.11.

Búnaður til kennslu í FVA er misjafn og sést það best á verkgreinunum. Málmiðngreinar búa við elstan og um margt úreltan búnað. Aðspurðir segja kennarar þeirra greina að helst megi líkja aðstöðunni við byggðasafn. Í rafiðngreinum hefur mikið verið lagt upp úr endurnýtingu efnis og vegna þröngrar fjárhagsstöðu er rík áhersla lögð á heimasíði af öllu tagi. Bygginga- og mannvirkjagreinar búa að yngsta húsinu og þar er tækjabúnaður og önnur aðstaða til mikillar fyrirmyndar, tekin í notkun 2008. Bóknámsstofur eru með líkum hætti og tíðkast almennt í sambærilegum skólum.

Kennarar eru yfirleitt ánægðir með vinnuaðstöðu sína í samanburði við það sem þeir þekkja í öðrum framhaldsskólum, hver þeirra hefur sérstakan vinnubás í vinnurými inn af kennarastofu. Umkvörtunarefni er helst að þeir séu óþarflega þröngir. Skólinn leggur kennurum til fartölvur sem þeir taka með sér í kennslustofur ef þeir vilja nýta skjávarpa sem eru víðast fastur búnaður. Endurnýjun á tæknibúnaði var í frosti fyrstu árin eftir hrun en á vorönn 2012 hefur verið reynt að koma þeim málum af stað á nýjan leik, m.a. með kerfisbundinni endurnýjun fartölva kennara og í rýnihópum þeirra kom fram ánægja með það starf.

2.4 Hlutverk og stefna

Markmið FVA eru skilgreind með eftirfarandi hætti í *Skólanámskrá 2011* (bls. 9):

- Koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir. Skólinn er fyrir alla sem vilja stunda nám á framhaldsskólastigi og eru tilbúnir til að leggja sig fram.
- Hver nemandi finni að velferð hans skipti máli, kennurum og stjórnendum skólans þyki mikilvægt að hann nýti og þroski hæfileika sína, vinni vel og nái góðum árangri.
- Í hverjum áfanga sem kenndur er við skólann séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um markmið, áherslur og kröfur í náminu.
- Kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum.
- Kennarar nýti og þroski hæfileika sína, frumkvæði þeirra njóti sín og þeir taki þátt í þróunarstarfi.
- Skólareglur, sem nemendum er gert að hlýða, stuðli að árangursríku námi, gagnkvæmri virðingu nemenda, kennara og annars starfsfólks og hvetji til góðrar umgengni, tillitssemi og umburðarlyndis.

⁹ *Matsskýrsla Fjölbreyttaskóla Vesturlands á haustönn 2011*. (2011), bls. 9.

2.5 Námsbrautir

Í FVA eru starfstengdar námsbrautir, bóknámsbrautir til stúdentsprófs, listnámsbraut, starfsbraut og almenn námsbraut. Allir sem lokið hafa grunnskólanámi eða öðru jafngildu námi eiga kost á að hefja nám við skólann og þeir sem hafa náð 18 ára aldri geta sótt um inngöngu á einstakar brautir þótt þeir uppfylli ekki lágmarkskröfur um námsárangur við lok grunnskóla. Inntökuskilyrði á einstakar námsbrautir og upplýsingar um fornámsáfangu eru í *Skólanámskrá 2011* (bls. 25–26).

Starfstengdar námsbrautir við FVA eru eftirfarandi:

- Grunnám bygginga- og mannvirkjagreina (GBM).
- Grunnám málmíðnagreina (MG).
- Grunnám rafiðna (GR).
- Húsasmíði (HÚ8).
- Rafvirkjun (RK8 og RK9).
- Sjúkraliðabraut (SJ).
- Tölvufræðibraut (TFB).
- Vélstjórnarbraut 1. stig (VV1).
- Vélvirkjabraut (VS8).
- Viðskiptabraut (VI).

Tölvufræðibrautin er að sögn áfangastjóra og aðstoðarskólameistara kennd í samstarfi við Tækniskólann og er fyrri hlutinn kenndur í FVA. Undanfarið hefur ekki verið næg eftirspurn eftir námi á vélstjórnarbraut og hún því ekki verið kennd en var áður í samstarfi við Vélskóla Íslands. Viðskiptabrautin er tveggja ára námsbraut og lýkur með jafngildi „gamla“ verslunarprófsins. Hún er vinsæl meðal fullorðinna. Sjúkraliðabrautin er námstilboð sem sett er af stað þegar næg aðsókn fæst.

Nemandi sem innritast á starfsnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og útskrifast með einkunnina 5 eða hærrí í íslensku og stærðfræði. Sá sem ekki uppfyllir þessi skilyrði getur öðlast rétt til að hefja nám á starfsnámsbrautum með því að ljúka fyrst almennri námsbraut. Á sumum starfsnámsbrautum er aðeins unnt að taka við takmörkuðum hópi nemenda og ef ekki er hægt að veita inngöngu öllum sem uppfylla framangreind inntökuskilyrði er höfð hliðsjón af einkunn fyrir ástundun eða skólasókn og námsárangur í öðrum greinum þar sem það á við.

Bóknámsbrautir til stúdentsprófs við FVA eru eftirfarandi:

- Félagsfræðibraut (FÉ).
- Málabraut (MB).
- Náttúrufræðibraut (NÁ).
- Einnig er hægt að ljúka stúdentsprófi með viðbótarnámi eftir starfsnám (VSS).

Nemandi sem innritast á bóknámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og útskrifast með einkunnir sem eru að lágmarki eins og tafla 7 sýnir.

Tafla 7: Inntökuskilyrði á stúdentsprófsbrautir.

	Danska	Enska	Íslenska	Stærðfr.	Náttúrufr.	Samfélagsfr.
Félagsfr.	5	6	6	5	5	6
Málabr.	6	6	6	5	5	5
Náttúrufr.	5	5	6	6	6	5

Heimilt er að veita umsækjendum sem hafa góða einkunn fyrir ástundun undanþágu þótt þeir hafi of lága einkunn í einni grein. Nemandi sem ekki uppfyllir inntökuskilyrði á

bóknámsbrautir til stúdentsprófs getur öðlast rétt til að hefja nám á þeim með því að ljúka fyrst almennri námsbraut og áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði.

Engin formleg inntökuskilyrði eru í viðbótarnám til stúdentsprófs eftir starfsnám.

Listnámsbraut. Nemandi sem innritast á listnámsbraut skal hafa lokið námi samkvæmt *Aðalnámskrá grunnskóla* og útskrifast með einkunnina 5 eða hærrí í íslensku og stærðfræði. Hann þarf einnig að hafa lagt stund á listnám í grunnskóla eða sérskóla eða geta sýnt með öðrum hætti að námið henti honum. Við skólann er aðeins boðið upp á listnámsbraut með tónlistarkjörsviði og nemendur taka sérgreinar við aðra skóla, einkum Tónlistarskólann á Akranesi.

Almenn námsbraut. Þeir sem uppfylla ekki framangreind skilyrði til inntöku á aðrar námsbrautir eiga kost á að hefja nám á almennri námsbraut (AN). Meginmarkmiðið er að veita góða undirstöðu í íslensku og stærðfræði, gefa nemendum tækifæri til að glíma við fjölbreytileg viðfangsefni í list- og verknámi og búa þá undir frekara nám eða störf. Áhersla er á samskipti og sjálfstæð vinnubrögð.

Nemendur sem ljúka brautinni uppfylla almenn inntökuskilyrði á aðrar námsbrautir en bóknám til stúdentsprófs. Þeir sem ætla á bóknámsbraut til stúdentsprófs þurfa að ljúka áföngum númer 102 eða 103 í dönsku, ensku, íslensku og stærðfræði á almennri námsbraut.¹⁰

Starfsbraut er ætluð nemendum með almenna námsörðugleika og þeim sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða í sérskóla (sbr. 34. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, með vísun til 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra). Brautin hefur sérstaka vefslóð (<http://www.fva.is/~starfsbraut/>) en jafnframt er gerð góð grein fyrir henni í *Skólanámskrá 2011* (bls. 47–48). Sjá nánar um starfsbraut í kafla 5.4.2.

Að sögn aðstoðarskólameistara og áfangastjóra var um tíma mikil aðsókn að viðskipta- og hagfræðibraut og var hún önnur eða þriðja stærsta brautin. Eftir að kveðið var á um það með lögum um framhaldsskóla að einungis skyldu starfræktar þrjár stúdentsprófsbrautir varð hún að kjörsviði á félagsfræðibraut en glataði sjálfstæði sínu. Langt er síðan íþróttabraut var lögð niður vegna dræmrar aðsóknar.

Þá er FVA eini skólinn, að sögn aðstoðarskólameistara, sem brautskráð hefur nemendur með framhaldsskólapróf. Búin var til sérstök námskrá og var talið að með prófinu mætti draga úr brottfalli. Þegar nemandi var búinn með vissu einingalágmark brautskráðist hann með framhaldsskólapróf eftir fjórar annir og hélt svo áfram á sinni námsbraut ef hann svo kaus. Þetta hlaut hins vegar ekki náð fyrir augum menntamálaráðuneytis og lagðist af eftir eina brautskráningu. Þar telja aðstoðarskólameistari og áfangastjóri að gott tækifæri til að draga úr brottfalli hafi farið í súginn.

2.6 Námstími

Í *Skólanámskrá FVA* (bls. 15) segir að nemendur hafi talsvert val um námshraða en almennt sé miðað við að nemendur í bóklegu námi sækji um það bil 36 kennslustundir á viku auk íþróttar. Þeir sem standa sig mjög vel í námi geta í sumum tilvikum tekið meira og á iðnbrautum eru vikulegar kennslustundir oft fleiri en 36.

Síðan segir að frá og með annarri önn skuli nemandi ljúka a.m.k. 9 einingum á önn eða ná fullnægjandi námsárangri í því sem svarar 18 kennslustundum á viku. Takist það ekki telst neminn fallinn á önninni. Einnig segir að skólanum sé ekki skylt að endurinnrita nemanda sem fellur á tveimur önnum í röð og að reglulegt nám til stúdentsprófs skuli taka ellefu annir mest en reglulegt tveggja ára nám sjö annir mest. Ýmis önnur ákvæði eru um námsframvindu en um þau öll (líka framangreind ákvæði) gildir að skólaráð getur veitt undanþágur frá þeim.

¹⁰ *Skólanámskrá Fjölbreytiskóla Vesturlands*. (2011), bls. 29.

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara luku 168 nemendur skólans stúdentsprófi af bóknámsbrautum (félagsfræða-, mála-, náttúrufræði- og viðskipta- og hagfræðibraut) á árunum 2009–2011 og voru þeir að meðaltali 8,1 önn í námi. Þeir sem luku viðbótarnámi til stúdentsprófs eftir starfsnám á sama tíma voru 40 talsins og þeir voru að meðaltali 7,1 önn í námi. Af iðnbrautum skólans (þ.e. námsbrautum í húsasmíði, rafvirkjun og vélvirkjun) luku 73 burtfararprófi þessi ár og voru að meðaltali 7,8 annir í námi. Þá eru enn ótaldir 154 nemar sem brautskráðust af öðrum námsbrautum en taldar eru hér að framan, langflestir eftir tveggja anna nám á almennri braut.¹¹

2.7 Bókasafn

Ekki er fjallað um bókasafn FVA í *Skólanámskrá 2011* en á vef skólans segir að hlutverk þess sé að vera upplýsingamiðstöð fyrir nemendur og kennara.¹² Markmið safnsins eru:

- Að útvega efni til náms og kennslu og efla safnkost í samræmi við kennsluáherslur.
- Að vekja athygli kennara á efni sem hentar í viðkomandi sérgrein eða kennslu.
- Að stuðla að notkun upplýsingatækni með fræðslu um aðferðir við upplýsingaleit í tölvuvæddum skráum, gagnagrunnum, tölvunetum og margmiðlunardiskum.
- Að veita skilvirka og faglega þjónustu.

Bókasafn FVA var stofnað haustið 1977. Bókakostur þá var að stofni til bækur úr eigu Gagnfræðaskólans og Iðnskólans sem báðir voru lagðir niður við stofnun fjölbrautaskólans.

Safnið er skráð í bókasafnskerfið Metrabók. Safnkosturinn telur í dag um 11000 færslur sem eru rúm 16000 bindi. Sérstök fjárveiting til bókaþaua og tímaritaáskrifta kom ekki til fyrir en árið 1986.

Safnkennsla var áður ríkur þáttur í starfinu en er engin nú og almennt hefur notkun safnsins dregist saman.¹³ Í safnrými er lesaðstaða fyrir um 20 nemendur. Í tölvuveri við safnið er les- og vinnuástaða fyrir um sextán nemendur.

Forstöðumaður safnsins var lengstum bókasafnsfræðingur í 75% starfi en þegar hann hætti á síðastliðnu ári var starfshlutfall bókaþaua lækkað og enginn ráðinn í hans stað. Aðstoðarskólameistari segir að það hafi verið meðvituð ákvörðun að auglýsa ekki eftir bókasafnsfræðingi og á döfinni séu samningar við Akraneskaupstað um að bæjarbókasafnið leggi bókasafni skólans til ákveðna stjórnun og þjónustu. Núverandi forstöðumaður safnsins hefur ekki sérmenntun í bókasafnsfræðum og er ráðinn í 100% starf í níu mánuði á ári. Hann segist ekki efna til innkaupa fyrir safnið án þess að ráðfæra sig fyrst við fjármálastjóra og að fjárveitingar til þess hafi dregist mikið saman.

2.8 Tölvur og upplýsingatækni

Starfsmenn FVA hafa aðgang að fjölda borðtölva og fartölva. Nemendur koma sumir með eigin fartölvur í skólann en hafa einnig aðgang að tölvustofum og tölvuveri gegnt bókasafni. Starfsmenn og nemendur hafa aðgang að innra neti skólans og Interneti en ekki er gert ráð fyrir reglubundinni tölvunotkun nemenda í kennslustundum. Aðgangur að innra neti felur í sér notkun á prenturum, skönnum, geislaskrifurum, einkasvæði og sameiginlegu gagnasvæði. Þráðlaust netsamband er alls staðar, þar með talið á heimavist.¹⁴ Að sögn vistarbúa, vistarstjóra og kerfisstjóra hefur þó gengið illa að halda sambandinu viðunandi þar þrátt fyrir marga beina og virðist mega kenna byggingunni sjálfri um. Í sjálfsmati á vorönn 2011 kemur fram að notkun nemenda á tölvum skólans fer heldur minnkandi með árunum en aðgengi að

¹¹ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

¹² Bókasafn Fjölbrautaskóla Vesturlands. (2011).

¹³ *Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011*. (2011), bls. 11.

¹⁴ Tölvukerfi FVA. [Án árs].

þeim er nægilegt. Minnkandi notkun nemenda á skólatölvunum má væntanlega rekja til aukinnar tölvueignar þeirra sjálfra en athyglisvert er að þekkingu þeirra á upplýsingatækni virðist hraka samhliða.¹⁵

Skólinn hefur notað heimatilbúið námsumhverfi á vef, Plútó, síðan 2004. Kerfið var hannað af kerfisstjóra til þess að mæta þörfum skólans og hefur reynst mjög vel að mati allra viðmælenda.¹⁶ Þá notar skólinn Office-pakkann frá Microsoft, telur það mun betri kost en fara út í notkun á opnum hugbúnaði af netinu. Kerfisstjóri og kennarar telja eðlilegast að nota búnað sams konar þeim sem bíður nemenda úti á vettvangi.

2.9 Námsráðgjöf

Við FVA starfa þrír námsráðgjafar í samtals 1,65 stöðugildi. Þeir eru fyrst og fremst málsvarar og talsmenn nemenda. Námsráðgjöf er forvarnarstarf og unnið er á fyrirbyggjandi hátt með það fyrir augum að nemendum takist að skapa sér viðunandi vinnuskilyrði heima og í skóla. Þjónusta námsráðgjafa lýtur að:

- Ráðgjöf um vinnubrögð í námi.
- Aðstoð við skipulag á námi og námsval.
- Ráðgjöf vegna sértækra námsörðugleika.
- Ráðgjöf varðandi prófkvíða
- Persónulegri ráðgjöf varðandi til dæmis samskipti, námsleiða, sálrænna erfiðleika og vímuefnanotkun.¹⁷

Að mati námsráðgjafa hefur þeim tilvikum fjölgað er nemendur koma með vandamál sem eiga rót í fjárhagsvanda þeirra og heimila þeirra. Persónulegt álag á nemendur hefur aukist sem er væntanlega ein afleiðinga hrunsins og það birtist meðal annars í miklum fjarvistum vegna veikinda. Í matsskýrslu skólans segir (bls. 19) að stór hluti af tíma námsráðgjafa og skólastjórnenda fari í að „eltast við nemendur sem mæta illa.“

Námsráðgjafar vinna með greiningar sem nemendur koma með úr grunnskóla og leita lausna á vanda þeirra í góðri samvinnu við kennara. Þeir segja mikla og jákvæða viðhorfsbreytingu hafa átt sér stað meðal kennara í garð þeirra nemenda sem við námsvanda eiga að stríða.

2.10 Heimavist og mótuneyti

Heimavist FVA var tekin í notkun árið 1984. Á henni er rúm fyrir 64 nemendur í 32 tveggja manna herbergjum. Forgang umfram aðra umsækjendur um vistarpláss hafa namar í dagskóla sem eru yngri en 18 ára og eiga lögheimili í þeim sveitarfélögum á Vesturlandi sem standa að skólanum. Miðað er við að nemendur njóti vistarrýmis í tvö ár að því gefnu að þeir uppfylli skilyrði sem kveðið er á um í heimavistarreglum. Þær eru í *Skólanámskrá 2011* (bls. 24).¹⁸ Að sögn heimavistarstjóra sem býr í lítilli íbúð á vistinni hefur ekki þurft að vísa umsækjendum um vistarrými frá síðustu misseri.

Heimavistin er rekin á kostnað skólans á sérgreindum kostnaðarlið og að sögn skólameistara hefur ekki komið til umræðu að bjóða rekstur hennar út. Heimavistarhúsið sjálft þarfnast mikils viðhalds en húsbúnaður á herbergjum er allgóður að frátöldum rúmunum og skrifborðsstólum. Engin setustofa er fyrir nemendur í húsinu sem er mjög til boga að mati vistarnemenda sem vistarstjóra.

¹⁵ *Matsskýrsla Fjölbrotaskóla Vesturlands á haustönn 2011*. (2011), bls. 14.

¹⁶ Sama heimild, bls. 15.

¹⁷ Námsráðgjöf. [Án árs].

¹⁸ Heimavist. [Án árs].

Mötuneyti fyrir nemendur er rekið af utanaðkomandi rekstraraðila í skólahúsinu. Þar er bæði hægt að kaupa hádegisverð í áskrift og stakar máltíðir.

Bæði heimavist og mötuneyti fá góðar umsagnir viðskiptavina sinna í innra mati skólans.¹⁹

2.11 Mat úttektaraðila

- Fjöldi nemenda í reglubundnu námi í FVA hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár þrátt fyrir fjölgun framhaldsskóla á Vesturlandi.
- Brottfall nemenda er fremur hátt (um 8% almanaksárið 2011) en ástæður þess hafa ekki verið greindar.
- Húsnæði skólans er stórt og ytri aðstæður til skólahalds almennt góðar.
- Búnaði til kennslu í málmiðngreinum er stórlega ábótavant og aðstæður til kennslu í rafiðngreinum eru ófullnægjandi. Að öðru leyti eru aðstæður til kennslu í þokkalegu lagi.
- Námsframboð er fjölbreytt miðað við stærð skólans.
- Áhugaverða tilraun með nám til framhaldsskólaprófs er full ástæða til þess að þróa áfram og endurtaka.
- Bókasafn skólans hefur ekki náð að festa sig í sessi sem miðlægt menntaver, notkun þess fer minnkandi og stórlækkað starfshlutfall bókkavarda bætir þar ekki úr skák.
- Vel er haldið um tölvukerfi skólans og heimatilbúið vefnámsumhverfi nýtur vinsælda meðal nemenda sem starfsmanna.
- Heimavistarhús þarfnast gagngerðs viðhalds og í því þarf að leysa skort á sameiginlegri setustofu fyrir nemendur. Þá eru nettengingar á vistinni ófullnægjandi.

¹⁹ *Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 12–14.

3 Nám og kennsla

Vinna við sérstaka skólanámskrá í FVA hófst haustið 1999 eftir útgáfu nýrrar aðalnámskrár fyrir framhaldsskóla þá um vorið. Starfshópar kennara unnu grunnvinnu um ýmis atriði er lúta að kennslu og vinnubrögðum, tillögur þeirra voru svo teknar til almennrar umræðu og afgreiðslu. Deildarstjórar og kennarar sömdu áfangalýsingar en skólastjórnendur önnuðust verkstjórn og uppsetningu námsbrauta. Ritstjórn annaðist samhæfingu og frágang.

Frá 2002 hefur námskráin síðan verið endurskoðuð árlega og af formálum allra útgáfnanna má ráða að aðstoðarskólameistari hefur jafnan verið ábyrgur fyrir vinnunni en iðulega haft allstóran starfshóp kennara sér við hlið.²⁰

Núverandi námskrá skiptist í tvo hluta: starfshætti og námsbrautir. Undir hinum fyrrnefnda eru eftirfarandi níu aðalkaflar: Fjölbrautaskóli Vesturlands; Samskipta- og skóla-reglur; Um nám og námsframvindu; Námsmat og próf; Mat á ýmislegu námi og störfum; Þjónusta við nemendur með sértæka námsörðugleika; Móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku; Reglur heimavistarbúa; Inntökuskilyrði á námsbrautir og í áfanga. Í reynd er þessi fyrri hluti mikið safn af margvíslegum reglum sem skólinn starfar eftir, s.s. um skólasókn, fjarvistir, námsframvindu, námsmat, o.s.frv. Þessar reglur eru jafnan skýrar og skilmerkilega fram settar. Seinni hlutinn er lýsing á einstökum námsbrautum.

Í lok formála gildandi námskrár sem undirritaður var í júní 2011 er vísað til gildistöku nýrrar aðalnámskrár og sagt að hennar vegna megi vænta „nokkuð mikilla breytinga á skólanámskránni á næstu misserum (bls. 4).“ Hafin er umræða um útfærslu á sex grunnstöðum menntunar en að sögn skólameistara hefur gengið upp og ofan að virkja kennara til samstarfs við skólanámskráargerðina. Það má, bæði að hans áliti og rýnihópa kennara, aðallega rekja til lítillar launalegrar umbunar fyrir störf af þessu tagi og kennararnir bæta því við að þeir séu ófúsir til verksins uns botn fáist í hvað greitt verði fyrir vinnuna sem þeir telja að rúmist ekki innan núverandi vinnutímaskilgreiningar.

Kennarar bæta því við að erfitt sé að vinna eftir núgildandi aðalnámskrá og undarlegt sé að ætla öllum skólum að skilgreina alla námsáfanga og námsbrautir eftir eigin höfði en um leið sé skólum ætlað að samþykkja áfanga og námsbrautir sem nemendur taka annars staðar. Betra sé að hafa samræmdan grunn sem allir verða að vinna eftir. Í þessu sambandi benda verknámskennarar á að sveinsprófið stýri í reynd verknáminu, ekkert þýði að kenna annað en þar sé prófað.

Unnið er að stofnun jafnréttishóps og verið er að fara af stað með áfanga í skapandi starfi og meiri tengingu við handverk. Þá er þegar starfandi öflugur heilsueflingarhópur sem hefur fjallað um heilbrigði og velferð. Í honum eru kennarar sem hafa mjög mikinn áhuga á viðfangsefninu og þeir líta svolítið á þetta sem sitt fag. Minna er um að kennarar líti á jafnrétti og lýðræði sem sína grein. Að áliti skólameistara er skólinn kominn nokkuð áleiðis með að vinna að grunnstöðunum um annars vegar heilbrigði og velferð og sköpun hins vegar. Þyngra er undir fæti með aðra grunnþætti og til dæmis hefur lítið verið fjallað um sjálfbærni. Til lengri tíma lítið telur hann mikla þörf á að leggja meiri áherslu á umhverfisfræði innan skólans.

Skólameistari segir kennarahópin drífandi og áhugasaman um endurskipan innan faggreina en hikandi við strúktúrbreytingar á skólanum. Hann virðir þessa afstöðu, svolítill íhaldssemi sé eðlileg í skólastarfi.

Í viðtali við stjórn nemendafélags FVA kom fram að ekkert hefur verið leitað til félagsins um aðkomu að gerð skólanámskrár. Svo virðist einnig sem nemendur séu sér ómeðvitaðir um tilurð hennar og hvers konar plagg hún sé.

²⁰ Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands. (2011), bls. 4–7.

3.1 Kennsluhættir

Í skólanámskrá er engin grein gerð fyrir kennsluháttum utan það að fjallað er um rétt kennara til að halda vinnufrið í kennslustundum. Í stefnu skólans eru ákvæði um að í hverjum áfanga séu nemendum veittar skýrar upplýsingar um námsmarkmið, áherslur og kröfur; að kennarar hvetji nemendur til að leggja sig fram og velji viðfangsefni og kennsluaðferðir sem stuðla að því að þeir nái skilgreindum markmiðum. Í námskránni segir að nemendur skuli vinna þau verkefni sem lögð eru fyrir í kennslustundum að fyrir mælum kennara og kennsluáætlunar sem lögð er fram í öllum áföngum við upphaf hverrar annar.²¹ Í þessum áætlunum er gerð grein fyrir markmiðum og námsefni, sagt fyrir um verkefnavinnu, námsferðir þar sem það á við og námsmat. Þær eru ekki í stöðluðu formi en samdar eftir fyrirframgerðum viðmiðum. Ef vikið er frá kennsluáætlun þarf að koma fram í henni að kennari áskilji sér rétt til að gera það. Áhersla er lögð á að breytingar séu aðeins gerðar í góðu samráði við nemendur. Kennsluáætlanir miðast að jafnaði við námshópa en þó eru gerðar einstaklingsáætlanir á starfsbraut.

Skólameistari fylgist með að kennarar leggi fram kennsluáætlanir og hnippir í þá ef þær vantar. Áætlanirnar eru settar inn á Plútó, kennslukerfi skólans, og eru þar aðgengilegar nemendum. Verkefnaskil fara um það en námsmatskerfi er ekki innifalið og sakna kennarar þess ekki. Að mati deildarstjóra er nokkuð vel farið eftir kennsluáætlunum. Eftirlit fer einkum fram með kennslumati nemenda og sjálfsmati kennara.

Kennsluhættir eru mismunandi eftir kennurum að mati nemenda. Þeir segja kennara í verkgreinum ganga eftir því að nemendur skilji það sem kennt er en algengt sé að fyrirlestrarformi sé beitt í bóknámsáföngum. Vinna með útgefið námsefni er almenn regla í bóknámsáföngum en vegna skorts á slíku efni verða verknámskennarar að semja mikið sjálfir. Hver nemandi nýtur að jafnaði meiri athygli í verknámi en bóknámi, einkum þegar lengra er komið. Nokkuð stór hluti verknámsnemenda fellur fljótt út vegna ónógrar frammistöðu.

Deildarstjórar segja ekki hægt að alhæfa um kennsluhætti í skólanum. Til umræðu sé að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, draga úr fyrirlestrum og leggja meira upp úr verkstjórn í tímum. Þá hefur mikið verið rætt um kosti og galla fartölvuvæðingar. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur eigi fartölvu og engin ofurtrú er í skólanum á gagnsemi hennar fyrir nám nemenda. Nemendur taka undir það að tölvur séu ekki mikið notaðar í kennslu. Að þeirra mati er ekki ástæða til að gera ráð fyrir að þeir eigi fartölvur til skólanota þótt sumir geri það. Dæmi eru um að fartölvur séu bannaðar í áföngum og kennarar segja að í mörgum tilvikum noti nemendur þær aðeins sem fjarskiptatæki. Þeir telja að stjórna þurfi tölvunotkuninni skipulega og með því megi oft ná góðum árangri. Það sé þó breytilegt eftir áföngum og viðfangsefnum. Í kennslustofum eru hvergi fastar tölvur nema í tölvustofum og kennslustofum í rafiðnaðardeild. Kennarar segja gott að fara með eigin tölvu á milli kennslustofa því þannig geta þeir haft allt sitt í einni vél og unnið á hana hvar sem er. Mismunandi er hvort kennarar leggja glærur inn á Plútó fyrir eða eftir kennslustundir en margir þeirra nýta skjávarpa reglulega við kennslu sína.

Fjarvistir eru ákveðið áhyggjuefni stjórnenda en frá vorönn 2007 til vorannar 2011 höfðu að meðaltali 4,1% nemenda verið fjarverandi án heimildar í meira en 20% kennslustunda. Viðbrögð skólastjórnenda við upplýsingum um slaka skólasókn hafa verið margvísleg en mikill tími þeirra og námsráðgjafa hefur farið í að eltast við nemendur sem mæta illa.²²

²¹ Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands. (2011), bls. 18–19.

²² Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011. (2011), bls. 19.

3.1.1 Námsmat

Skólanámskrá 2011 fjallar ítarlega um námsmat, prófsýningar og endurtektarpróf (bls. 19). Þar segir að námsmat feli í sér hvers konar mat á námi nemenda og á því sé lokaekunn byggð. Tilhögun námsmats á að tilgreina í kennsluáætlunum og vægi einstakra þátta námsefnisins skal að jafnaði vera í samræmi við vægi þeirra í kennslu. Kennarar bera ábyrgð á námsmati og þeir meta úrlausnir nemenda.

Þá segir að í flestum áföngum séu haldin lokapróf í annarlok og þau séu venjulega stærsti hluti námsmatsins. Einkunnir fyrir próf eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 en heimilt er að nota annars konar einkunnir fyrir verkefni, t.d. umsagnir eða bókstafi. Rækilega er útskýrð sú regla að falli nemandi á lokaprófi geta verkefni ekki hækkað einkunn hans upp fyrir 4 en reglan eigi þó aðeins við ef prófið vegur 40% til 69% af heildarnámsmati áfanga. Ef lokaprófið vegur 70% eða meira skal prófseinkunnin ein vera lokaekunn áfangans falli nemandinn á prófinu. Að loknu prófi eiga nemendur þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara.

Aðstoðarskólameistari, áfangastjóri, deildarstjórar o.fl. segja mikla umræðu innan skólans um námsmat sem snúist aðallega um skiptingu skólaársins í kennsluvikur og prófavikur, símat og/eða lokapróf. Símat felur gjarnan í sér mat á verkefnum, virkni í tímum og skyndipróf. Það fer vaxandi og þeim áföngum fjölgar þar sem námsmati lýkur áður en kennslu lýkur. Að mati rýnihópa nemenda er símat yfirleitt betri kostur en lokapróf og kennarar segja það hvarvetna í gangi. Flestar lokaekunnir byggjast bæði á vetrareinkunn sem felur í sér símat og lokaprófi.

Námsmatsumræðan snýst meðal annars um misvægi í vinnu nemenda eftir því hvort námsmati lýkur að mestu á kennslutíma eða hvort þeir eru einnig við störf allan prófatímann. Nemendur sem ljúka miklu af námsmati sínu með símati hafa mjög lítið að gera á prófatíma því þá er engin kennsla. Mjög deildar meiningar eru um það innan kennarahópsins hversu góð nýting er á prófatíma. Deildarstjórar (einkum í bóknámi) segja að prófatími sé kjarasamningsbundinn og það sé skýr skil á milli kennslu og prófatíma, hvort sem það er réttlátt gagnvart nemandanum eða ekki. Kváðu þeir fráleitt að hverfa frá prófatíma því nemendur höndli ekki meiri kennslu og mikið álag sé á þeim. Var á sumum þeirra að heyra að þeir myndu skoða hug sinn um að starfa við skólann ef breytingar yrðu gerðar á núverandi skiptingu í kennslu- og prófatíma. Deildarstjórar í verknámi álíta hins vegar að skólatíminn í heild nýtist betur ef þessi skörpu skil mást út og starfstími nemenda verður samfelldari. Í rýnihópi kennara voru skoðanir skiptar um þetta mál en allir sammála um að það falli undir kjarasamninga og þar með þungt fyrir fæti um breytingar.

Fyrirkomulag námsmats er vel kynnt í upphafi náms að mati nemenda. Þeir lýsa mikilli ánægju með þann möguleika að sleppa lokaprófi hafi þeir staðið sig vel og náð góðum árangri í símati. Það sé mjög námshvetjandi. Ákvarðanir um þetta séu í höndum kennara og aðferðirnar misjafnar bæði eftir þeim og námsgreinum. Þeir telja fremur mikið prófaálag í skólanum, hlutapróf og lokapróf.

3.2 Heimanám

Engin sameiginleg stefna er í skólanámskrá FVA um heimanám en rýnihópur foreldra var sammála um að það sé frekar lítið, þjuggust við meiru. Þar kom einnig fram að skynsamlegast sé að sem mest af náminu fari fram í skólanum sjálfum enda séu margir nemendur í íþróttum að skóla loknum eða margvíslegum tómskundastörfum.

3.3 Stefnumótun

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur sett sér heilsustefnu og jafnréttisstefnu og er fjallað um þær báðar í *Skólanámskrá 2011* (bls. 10).

Um heilsustefnuna segir að skólinn taki þátt í verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli í samvinnu við Landlæknisembættið. Verkefnið tengist vel því aðalmarkmiði skólans að nemendur finni að velferð þeirra skipti máli og mikilvægt sé að þeir nái góðum árangri. Í því skyni sé unnið með:

- Eflingu sjálfsmýndar nemenda,
- stuðlað að uppbyggilegum lífstíl,
- eflingu líkams-, geð- og heilsuræktar meðal nemenda og starfsfólks,
- boðið upp á næringarríka og fjölbreytta fæðu,
- samþættingu margs konar umfjöllunar um heilbriggt lífverni inn í námsgreinar,
- heilbrigða lífshætti í félagslífi nemenda og að það miði að eflingu félagsþroska þeirra.

Jafnréttisstefna skólans byggir á lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Kjarni hennar er gagnkvæm virðing. Hún felur í sér eftirtalin markmið:

- Komið sé fram við alla af virðingu og enginn sæti kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi.
- Jákvæð samskipti og gagnkvæm virðing kynjanna í öllu skólalífi.
- Kynin hafi jöfn tækifæri og jöfn áhrif.
- Hverjum einstaklingi sé kleift að nýta hæfileika sína og krafta sem best óháð kynferði og án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímýnda.
- Fræðslu um jafnréttismál.
- Höfðað sé til ólíkra nemenda með því að nota fjölbreyttar kennsluáðferðir í öllum námsgreinum.

Stefnan er byggð á stefnumótun í Menntaskólanum við Sund og er notuð með leyfi skólastjórnenda þar. Ný jafnréttisstefna hefur verið skrifuð og hún mun birtast vor 2012. Nefnd hefur verið skipuð til að fylgja henni eftir.

3.4 Umbóta- og skólaþróunarverkefni

Unnið er að þremur skólaþróunarverkefnum í FVA skólaárið 2011–2012.²³ Þau eru:

- Mat á heilsueflingu: FVA í samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja var veittur styrkur úr Verkefnasjóði skólasamninga í júní 2011 til að meta árangur af verkefninu *Heilsueflandi framhaldsskóli*. Vinnunni er stjórnað frá FVA og er langt komin.
- Jafnréttisáætlun: FVA var veittur styrkur úr Verkefnasjóði skólasamninga í júní 2011 til verkefnisins *Vinna við jafnréttisáætlun*. Verkefnið er komið vel á veg.
- Sameiginlegt fyrsta ár í málmiðna- og byggingagreinum: Á yfirstandandi skólaári gera FVA og Fjölbrautaskóli Snæfellinga í Grundarfirði tilraun til að kenna saman nemendum á fyrsta ári í framhaldsskóla sem áætla að ljúka námi í málmiðngreinum og bygginga- og mannvirkjagreinum. Tilraunin felur í sér að safna saman í fyrsta árs áfanga námsefni sem er sameiginlegt báðum greinaflokkinum. Nemendur geta lokið fyrsta árinu hvort sem er á Akranesi eða í Grundarfirði en á öðru ári hefst sérhæfing og þá safnast allir saman á Akranesi. Að sögn skólameistara hefur þetta að mestu

²³ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

gengið vel og þeir smáhnökrar sem komið hafa í ljós verða lagaðir fyrir upphaf næsta skólaárs.

Á heimasíðu skólans segir að skólinn hafi tekið þátt í fjölmörgum verkefnum í samvinnu við skóla í öðrum löndum á undanförunum árum, ýmist að fengnum styrkjum frá Evrópusambandinu (Comenius og Leonardo) eða úr sjóðum sem heyra undir Norrænu ráðherranefndina.²⁴

3.5 Mat úttektaraðila

- Skólanámskrá FVA á sér langa sögu, hún er endurskoðuð reglulega, hún er skipulega upp sett og er í alla staði skilmerkilegt reglusafn skólans. Í hana vantar hins vegar menntastefnu og sýn til framtíðar.
- Skólanámskrá FVA er ekki lifandi plagg í augum nemenda og þeir eru sér lítt meðvitaðir um tilvist hennar og hlutverk. Þeir eru ekki virkir aðilar að endurskoðun hennar á hverjum tíma.
- Engin samræmd stefna er um kennsluhætti eða fyrirkomulag námsmats sem er alfarið í höndum einstakra kennara. Í ljósi fyrirmæla nýrrar *Aðalnámskrár framhaldsskóla* er nauðsynlegt að taka skipulega umræðu um framkvæmd aukins símats.
- Kennsla í bóknámsgreinum er að mestu bókarstýrð og yfirferð miðast að jafnaði við meðalnemanda. Einstaklingsáætlanir eru aðeins gerðar á starfsbraut.
- Engin samræmd stefna er um nýtingu tölva við kennslu. Full ástæða er fyrir skólann að fara vandlega yfir þau mál í stað þess að eftirláta hverjum kennara að ákveða fyrirkomulagið fyrir sig.
- Eðlilegt er að móta stefnu um heimanám og vægi þess.


²⁴ Erlend samskipti. [Án árs].

4 Stjórnun og rekstur

Við FVA starfar skólanefnd og skólaráð svo sem lög segja til um og auk þess fulltrúaráð sem skipað er fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem að skólanum standa. Í sjálfsmatskýrslu skólans kemur fram að mikill meirihluti nemenda og starfsmanna skólans er ánægður með stjórn skólans. Hefur ánægja aukist meðal starfsmanna frá 2004 en þá kváðu 75% starfsmanna sig ánægða með almenna stjórn skólans. Vorið 2006 var hlutfallið 76% og vorið 2008 var það komið í 83%. Svör nemenda við spurningakönnunum um stjórnun skólans benda ekki til vandamála þeirra í samskiptum við stjórnendur. Vorið 2008 töldu 77% nemenda er þátt tóku í könnun auðvelt að ná sambandi við stjórnendur og 72% nemenda töldu viðmót stjórnenda gott. 74% töldu að stjórnendur hafi brugðist vel eða mjög vel við erindum sem nemendur hafa komið með til þeirra og 1% að þeir hafi brugðist illa við.²⁵

4.1 Skipurit

Skipurit FVA²⁶ er skýrt og verður ekki annað séð en það henti skólanum vel (mynd 1).



Mynd 1: Skipurit FVA.

4.2 Skólanefnd

Skólanefnd er skipuð við skólann skv. lögum. Hún fundaði fimm sinnum almanaksárið 2011 en aðeins einu sinni það sem af er vorönn 2012. Engin kynning hefur farið fram innan hennar á nýrri aðalnámskrá en að sögn formanns var haldinn óformlegur heils dags vinnufundur um stefnumótun og skipan FVA haustið 2011. Engin ákvörðun hefur verið tekin um áframhald þess starfs. Formaður skólanefndar hefur fyrir nokkru óskað eftir að fá lausn frá starfinu vegna breytinga á eigin högum en ráðuneytið hefur ekki skipað annan í hans stað.

4.3 Fulltrúaráð

Við stofnun Fjölbrotaskóla Vesturlands á Akranesi var ákveðið að setja á laggirnar ráð skipað fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem að skólanum standa.²⁷ Að sögn skólameistara hefur fulltrúaráðið verið virkt og styrkt skólann á margvíslegan hátt. Því er ætlað að vera skólanefnd til ráðuneytis um þjónustu skólans sem tengiliður á milli skólanefndar og þeirra sveitarfélaga sem aðild að honum eiga. Fulltrúaráð FVA er skipað tólf fulltrúum og fylgir kjörtímabil þeirra kjörtímabili sveitarstjórna. Akranes tilnefnir fimm fulltrúa, Borgarbyggð og Hvalfjarðarsveit tvo fulltrúa hvort; Dalabyggð, Eyja- og Miklaholtshreppur og Skorradalshreppur einn fulltrúa hvert. Jafnmargir varafulltrúar eru tilnefndir. Auk kjörinna fulltrúa eiga

²⁵ *Matsskýrsla Fjölbrotaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 3–4.

²⁶ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

²⁷ Samningur um Framhaldsskóla Vesturlands á Akranesi. (2011).

rétt til setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti skólanefndarfulltrúar, skólameistari, aðstoðarskólameistari og tveir fulltrúar kennara.

Í samningi sveitarfélaganna er gerð grein fyrir starfsháttum ráðsins. Það kýs úr sínum hópi formann og ritara og varamenn þeirra. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Fundargerðir eru sendar menntamálaráðuneytinu, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og sveitarstjórnnum. Fundir eru boðaðir með dagskrá, minnst tveir á hverju ári, einn á hvorri önn.

4.4 Skólaráð

Skólaráð er skipað skv. reglugerð.²⁸ Ef ástæða þykir til situr námsráðgjafi fundi skólaráðs sem áheyrandi með málfrelsi og tillögurétt. Skólaráð er samstarfsvettvangur stjórnenda, kennara og nemenda þar sem fjallað er um innri málefni skólans. Skólaráð fjallar m.a. um brot nemenda á skólareglum og um undanþágur frá skólasóknarreglum, auk þess sem það fjallar um ýmis málefni nemenda sem þeir sækja til skólayfirvalda. Fulltrúar kennara eru valdir á kennarafundi. Að sögn nemenda þarf að ganga á eftir nemendum að taka sæti í skólaráði. Síðast var auglýst eftir framboði en enginn gaf kost á sér. Að þeirra sögn hamlar að nemendur telja sig ekkert fá fyrir setu í ráðinu og sjá ekki hagsmuni sína með aðild að því. Svo sé komið að nemendur vilja fá eitthvað fyrir sinn snúð í formi eininga eða annarrar umbunar. Til að leysa málið leitaði stjórn nemendafélagsins til tveggja nemenda sem tóku hlutverkið að sér.

4.5 Rekstur skólans

Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur undanfarið búið við minnkandi fjárframlög sem rekja má annars vegar til kreppunnar og hins vegar fækkunar nemenda. Á árabílinu 2008–2010 varð skuldasöfnun skólans 20 m.kr. Sterk krafa var gerð af hálfu yfirvalda um niðurskurð og á árinu 2011 var unnið markvisst að hagræðingu í rekstri skólans. Verulegur árangur náðist og skilaði reksturinn afgangi á síðasta ári. Heildarupphæð greiddra launa var um 31,5 milljónum króna lægri en á árinu 2009 og um 0,5 milljónum króna lægri en á árinu 2010 þrátt fyrir nokkra hækkun launataxta. Lækkun launakostnaðar skýrist af fækkun kennslueininga og verulega hefur dregið úr yfirvinnu. Framlag ríkissjóðs til skólans var alls tæpar 505,9 milljónir krónur þar af voru 42,6 milljónir vegna niðurfellingar skulda. Sértekjur og aðrar rekstrartekjur voru um 35,4 milljónir. Heildartekjur á árinu námu 541,3 milljónum en heildarútgjöld um 489,8 milljónum. Eftir árið 2011 hafa skuldir skólans því lækkað.²⁹

Þessi harkalegi niðurskurður hefur haft áhrif á starfsfólk og segjast kennarar hafa orðið mjög áþreifanlega varir við hann. Aðgerðir hafa falist í stækkun námshópa, minna námsframboði með fækkun áfanga, skólaakstri úr Borgarfirði og nærsveitum var hætt, rösklegur samdráttur varð á framlögum til bókasafns og nú er unnið að endurskoðun á ræstingakerfi skólans með það fyrir augum að draga úr kostnaði. Þá hafa búnaðarkaup að mestu legið niðri og verulegra endurbóta er þörf á tækjakosti málmiðngreina. Verknámskennarar segjast finna grimmilega fyrir miklu aðhaldi í búnaðarkaupum. Aðstoðarskólameistari telur að samdrátturinn hafi líklega komið frekar niður á stoðþjónustu skólans, t.d. bókasafninu, en kennslunni sjálfri en sammæli allra viðmælenda er að þolmörkum sé fyrir nokkru náð og ríflega það.

Starfsmenn tilgreina ýmsar skýringar á hallarekstri skólans. Skekkja hafi lengi verið í reiknilíkani sem orsakaðist af vanmetnum hlut verknáms. Þegar skekkjan var loksins leiðrétt náði hún ekki til þess halla sem orðinn var vegna misvægisins. Þá hafi fækkun nemenda leitt til þess að áfangar sem kenndir eru í lok námsbrauta séu dýrir sökum nemendafæðar. Þá þýðir

²⁸ *Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.*

²⁹ *Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2011.* (2012).

lítil starfsmannavelta í FVA að margir kennarar eru með langan starfsaldur og þar með til muna dýrari en þeir sem yngri eru, og fleira má telja.

4.6 Nýting á kennslu og brottfall

Af hálfu menntamálaráðuneytis eru sett fram viðmið um meðalstærð námshópa í framhaldsskólum. Stærð námshópa er skipt eftir greinaflokkum, námshópar í bóklefum greinum telji 25 nemendur, í raungreinum 20 nemendur, í verklegum greinum 12 nemendur og í fornámi, fagbóklefum greinum, list- og tölvugreinum 15 nemendur. Reiknað er út nýtingarhlutfall í prósentum af hópastærðinni, þ.e.a.s raunnemendafjöldi í námshópi sem hlutfall af viðmiðunartölunni. Í FVA hefur nýtingarhlutfall skólans verið reiknað út á hverri önn og skólinn sett sér það markmið að í öllum greinaflokkum sé nýting kennslu fyrir ofan 77,46% við upphaf annar og að niðurstaða fyrir skólann í heild sé ofan við þessi mörk við lok annar. Markmiðin fela það m.a. í sér að reynt sé að sporna gegn brottfalli svo hópastærðir haldist ofan tilgreindra viðmiðunarmarka.

Árangur skólans að þessu leyti hefur verið með ágætum en markmiðin hafa náðst á hverri önn frá vori 2006 til vors 2011 að undanskildum þremur önnum. Nokkrum sinnum hefur vantað á að markmiðið næðist í einstaka greinaflokki en það þá jafnast upp með betri nýtingu í öðrum flokkum.³⁰

4.7 Starfsmannastefna

Ekki hefur verið mótuð sérstök starfsmannastefna við FVA, engin áætlun er til um móttöku nýrra starfsmanna né heldur endurmenntunaráætlun. Skólinn hvetur hins vegar kennara sína til símenntunar. Endurmenntun þeirra er metin til stiga eftir reglum sem eru hluti af sjálfsmatskerfi stofnunarinnar. Samkvæmt samningi Samstarfsnefndar skólans hafa stigin áhrif á laun. Að sögn skólameistara eru tækifæri til endurmenntunar mjög góð í sumum greinum en í öðrum alls ekki. Samkvæmt kjarasamningi ber kennurum að nýta sumartímann til endurmenntunar en tilhneigingin er sú að halda endurmenntunarnámskeið á kennslutíma og þau eru flest haldin í Reykjavík. Kennarar í verkgreinum gagnrýna hversu fá námskeið standa þeim til boða á sumartíma. Athugasemdir hafa verið gerðar við faggreinafélögin án árangurs. Óánægja kennara með fyrirkomulag endurmenntunar skilar sér í innra mati FVA og þar kemur einnig fram að mörgum þeirra finnst skólastjórnendur geta gert betur í að hvetja þá til að sækja sér slíka menntun.³¹

Skólameistari kveðst leyfa að kalla inn forfallakennara þegar haldnar eru staðbundnar endurmenntunarloftur með mætingarskyldu. Kennarar segja að aldrei sé erfitt að fá leyfi til að fara frá. Að sögn skólameistara er endurmenntun að mestu sjálfsprottin hjá kennurum og kostnaður greiddur af endurmenntunarsjóði þeirra. Í stöku tilfellum hefur skólinn fengið námskeið fyrir kennara, dagsnámskeið eða svo. Að öðru leyti stýrir skólinn ekki sókn kennara á endurmenntunarnámskeið.

Af 47 kennurum FVA (að skólameistara, áfangastjóra og aðstoðarskólameistara meðtöldum) luku sextán einingabærum áföngum við háskóla 2007–2011. Fjórtán til viðbótar luku námskeiðum eða vettvangsnámi hjá viðurkenndum endurmenntunastofnunum. Mögulega hafa einhverjir til viðbótar tekið námskeið sem ekki eru skráð í gögnum skólans.³²

³⁰ *Matskýrsla Fjölbrotaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 20.

³¹ Sama heimild, bls. 6.

³² Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaðila, dagsett 8. mars.

4.8 Starfsmannafundir

Starfsmannafundir eru haldnir einu sinni á hverri önn. Á fundunum er farið yfir málefni er varða alla starfsmenn og tilkynningum af ýmsu tagi komið á framfæri. Á þeim gefst einnig tækifæri til að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum af ýmsu tagi.

4.9 Mannauður

Þeir kennarar sem eru í hálfu starfi eða meira við FVA eru með menntun í aðalkennslugreinum sínu. Menntun alls kennarahópsins (skólameistari, aðstoðarskólameistari og áfangastjóri meðtaldir) er sýnd í töflu 8.³³

Tafla 8: Menntun kennara í FVA.

	Fjöldi
BA eða BS próf auk kennsluréttinda	22
MA, MS eða MEd próf auk kennsluréttinda	15
Önnur háskólapróf með eða án kennsluréttinda	0
Önnur menntun (þar af 8 með iðnmeistara- eða vélstjórapróf auk kennslurétt.)	10
Alls	47

Rúmur helmingur kennara FVA hefur sextán ára starfsaldur eða meira eins og sést í töflu 9. Í fáeinum tilvikum er hluti starfsferilsins við annan framhaldsskóla.³⁴

Tafla 9: Starfsaldur kennara í FVA.

	Karlar	Konur	Alls
Starfsaldur skemmri en tvö ár	2	2	4
Starfsaldur 3–5 ár	3		3
Starfsaldur 6–10 ár	1	3	4
Starfsaldur 11–15 ár	7	3	10
Starfsaldur sextán ár eða meira	13	13	26
Alls	26	21	47

Að mati kennara er kennarahópurinn heildstætt samfélag og lítið er um alvarlegar uppákomur. Lítil starfsmannavelta er til vitnis um að fólki líður vel í vinnunni. Margir yngri kennaranna eru fyrrum nemendur skólans. Þetta samfélag nær til alls starfsmannahópsins og samheldni er mikil. Kaffistofa er sameiginleg öllum starfsmönnum og þar er reiddur fram matur í hádegi, stéttaskipting virðist lítil sem engin.

4.9.1 Starfsmannavelta

Á árunum 2007 til 2011 var lítil starfsmannavelta við skólann. Í töflu 10 er yfirlit yfir fjölda þeirra sem létu af störfum og hófu störf við skólann (stjórnendur meðtaldir). Í tölunum eru ekki taldir með þeir sem gerðu tímabundið hlé vegna náms-, barneigna- eða veikindaleyfa né heldur þeir sem ráðnir voru tímabundið til árs eða skemur af sömu ástæðum.

³³ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaaðila, dagsett 8. mars.

³⁴ Sama heimild.

Tafla 10: Starfsmannavelta í FVA 2007–2011.³⁵

	Létu af störfum		Hófu störf	
	Kennarar	Aðrir starfsmenn	Kennarar	Aðrir starfsmenn
2007	1	3	3	5
2008	0	3	0	0
2009	1	2	1	2
2010	6	3	1	2
2011	5	5	4	1
Samtals:	13	16	9	10

Þegar rýnt er í töfluna má sjá að á árabílinu 2007–2009 fjölga starfsmönnum í skólanum. Á tímabilinu láta tveir kennarar af störfum en fjórir kennarar hefja störf. Átta aðrir starfsmenn láta af störfum á tímabilinu en sjö hefja störf. Á árunum 2010–2011 fækka hins vegar í hópnum. Ellefu kennarar láta af störfum en fimm hefja störf og átta aðrir starfsmenn láta af störfum en þrjú hefja störf. Starfsmönnum fækkaði þar með úr 79 á haustönn 2007 í 69 fimm árum síðar. Kennurum fækkaði um fjóra og öðru starfsfólki um sex.

4.9.2 Forfallakennsla

Samkvæmt upplýsingum frá skólameistara féllu samtals 623 kennslustundir (þ.e. klukku-tímar) niður vegna forfalla á haustönn 2011. Þetta er um 8,7% allra kennslustunda við skólann. Auk þessa var fengin forfallakennsla í tvær vikur á haustönn fyrir kennara sem þurfti að dvelja á sjúkrahósti. Umfang forfallakennsla var því heil staða í hálfan mánuð.³⁶

Hátt hlutfall kennslustunda sem felldar voru niður á haustönn virðist vera viðvarandi vandamál í skólanum. Í samtali við foreldra kom fram hörð gagnrýni á tíð og óeðlileg forföll sumra kennara og brynt sé að taka alvarlega á þeim vanda. Hjá nemendum kom fram að forföll séu óeðlilega mikil hjá nokkrum kennurum skólans og veðmál gangi þeirra í milli um hvort tilteknir einstaklingar mæti þennan daginn eða ekki.

4.10 Mat úttektaraðila

- Skipurit FVA er skýrt og auðvelt er að vinna eftir því.
- Bakland skólastjórnenda er gott þar sem þeir hafa bæði lögbundna skólanefnd og skólaráð auk fulltrúaráðs aðildarsveitarfélaga að ráðfæra sig og styðjast við.
- Auka þarf vitund nemenda fyrir gagnsemi þess að sitja í skólaráði.
- Fjölbrotaskóli Vesturlands hefur búið við þröngan fjárhagslegan kost eftir hrun og rekstur hans er kominn inn að beini.
- Niðurskurður í rekstri hefur komið niður á búnaðarkaupum, endurnýjun tækja, bókasafni og námsframboði.
- Meðalstarfsaldur kennara er hár og starfsmannavelta er lítil sem bendir eindregið til þess að FVA sé góður vinnustaður að áliti þeirra sem þar starfa.
- Forföll frá kennslu hafa verið og eru of mikil. Þessi forföll koma niður á rétti nemenda til náms og á vandanum þarf að taka af meiri festu framvegis.

³⁵ Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 8. mars.

³⁶ Sama heimild.

5 Nemendur

Það er mat skólameistara að skólinn sé nokkuð gott og heildstætt samfélag þar sem metnaður er lagður í að hjálpa þeim sem eiga undir högg að sækja. Skólinn skilgreinir sig sem skóla fyrir alla, nemendur eru ekki valdir inn í skólann, allir eru jafn velkomnir óháð því hvernar gerðar þeir eru, hvort þeir eru fatlaðir/ófatlaðir, með annað móðurmál en íslensku eða hvað annað. Sum viðfangsefni hefur skólinn vissulega ekki náð að leysa, s.s. varðandi kennslu nemenda af erlendum uppruna, en stuðningskerfi skólans og viðhorf kennara stuðlar að góðri líðan almennt. Nemendur sem þess þurfa fá góðan stuðning og viðurlögum við brotum á skólareglum er ekki beitt fyrr en í lengstu lög. Reynt er að tala við fólk og leita úrlausna. Það hafa komið upp eineltismál, þau eru ætíð tekin alvarlega og leitað viðunandi niðurstöðu.

Skólameistari kveður erfitt að henda reiður á félagslegum áhrifum hrunsins. Það er samt ljóst að meira er um að nemendur skorti fé og eigi í vanda við kaup á kennslubókum og öðrum gögnum. Þá hefur aukist að nemendur segist ekki geta greitt heimavistargjöld. Þessar breytingar á ytri aðstæðum nemenda staðfesta námsráðgjafar, sjá kafla 2.9.

Að sögn rýnihópa nemenda líður þeim vel í FVA og finnst skólinn góður. Það er í samræmi við niðurstöðu könnunar vorið 2011 þegar 94% nemenda sögðu að líðan þeirra í skólanum væri góð og 93% kváðust ánægð með að vera í FVA.³⁷ Að mati nemenda stendur skólinn fyllilega undir þeim væntingum sem þeir gerðu til hans í upphafi og segjast hafa valið hann án afskipta foreldra. Flestir eru frá Akranesi og þekkjast allvel er þeir koma í skólann en aðkomunemendur eru að jafnaði tiltölulega fljótir að kynnast öðrum. Nokkur aðskilnaður er á milli verknáms- og bóknámsnema sem stafar af staðsetningu í húsnæði. Nemendur segjast ekki þekkja til eineltis innan skóla. Góðlátleg stríðni sé oft á milli vina en hana taki fæstir nærri sér. Almennt ríki góð vinátta.

Margir vinna að sögn 10–15 tíma á viku með skólanum við ýmis störf, svo sem þjálfun, verslunarstörf eða í álverinu. Nemendur segja þó að almennt sé ekki auðvelt að komast í vinnu á Akranesi.

5.1 Umsjón

Nemendum í FVA er skipt í um það bil 30 umsjónarhópa. Þeir sem eru saman í hópi eru að jafnaði á svipuðum aldri og á svipuðum námsbrautum. Hver umsjónarhópur hefur einn umsjónarkennara sem hann hittir einu sinni í viku í eina klukkustund. Í umsjónartímum eru ýmsir þættir skólastarfsins kynntir, nemendur fá upplýsingar og ráðgjöf, geta rætt vandamál varðandi skólagöngu sína, val áfanga, o.fl.³⁸

Í sjálfsmati skólans 2009 var lagt mat á umsjónartíma og voru nemendur beðnir að svara nokkrum spurningum þar að lútandi. 72% nemenda svöruðu því til að þeir væru ánægðir með fyrirkomulag umsjónartíma en 14% voru ósammála.³⁹ Í rýnivíðtölum við nemendur kváðust þeir alltaf geta leitað til umsjónarkennara þegar á þurfi að halda og auðvelt sé að ná sambandi við hann sem annað starfsfólk skólans, s.s. skólameistarana tvo eða námsráðgjafa. Ef laus tími er hjá þeim eru þeir til viðræðu.

5.2 Nemendur með sérþarfir

Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum kennslu við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda. Áhersla er jafnframt lögð á að hver nemandi ber ábyrgð á námi sínu.

³⁷ *Matskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 21.

³⁸ Sama heimild, bls. 3.

³⁹ Sama heimild, bls. 18.

Nemendur sem glíma við námserfiðleika geta þurft að verja lengri tíma til heimanáms en aðrir. Stuðningur skólans er skipulagður fyrir þá sem sjálfir eru tilbúnir til að leggja sig fram. Forsenda þess að skólinn komi til móts við nemendur með lesblindu eða aðra sértæka námserfiðleika er að þeir eða forráðamenn þeirra láti námsráðgjafa vita af erfiðleikum sínum. Námsráðgjafar leiðbeina nemendum og láta þá vita hvernig þeir sækja um að skólinn taki tillit til erfiðleika sem þeir glíma við.⁴⁰

Ef nemandi uppfyllir ekki inntökuskilyrði fer hann á almenna námsbraut sem er aðfaranám að öðru námi innan skólans. Engar greiningar né skimanir eru gerðar í FVA. Nemendur koma með greiningar úr sínum skóla og þurfa að gera grein fyrir þeim við innritun. Engir auka- eða sérkennslutímar eru í boði en nemendur sem standa vel í námi hafa verið fengnir til að annast aukatíma fyrir þá sem þurfa á stuðningi að halda. Kennarar fá lista yfir nemendur sem þurfa aðstoðar við og geta leitað aðstoðar námsráðgjafa eftir þörfum.

5.2.1 Starfsbraut

Starfsbraut er ætluð nemendum með almenna námsörðugleika og nemendum sem hafa notið verulegrar sérkennslu í grunnskóla, verið í sérdeild eða í sérskóla (sbr. 34. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla, með vísun til 2. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðra). Brautin er ekki afmörkuð við ákveðna fötlun heldur aðlagar sig að einstaklingunum. Reynt er að blanda þeim inn í almenna starfið eftir því sem hægt er en markmiðið er alltaf að brautskrá hvern og einn. Tvær og hálf staða er við brautina, um 90 kennslustundir

Nám á starfsbraut er áætlað fjögur ár en nemandi getur útskrifast eftir tvö, kjósi hann það. Í náminu er fléttað saman kjarnanámi í skóla og verknámi sem fer fram eftir aðstæðum innan og utan skóla. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaðar námsáætlanir og getur því nemandi lagt stund á námsáfangi á starfsbraut og á almennum námsbrautum framhaldsskóla, allt eftir möguleikum hvers og eins og aðstæðum í skólanum hverju sinni.

Áfangar eru einingabærir og eru einingarnar einkum hafðar til viðmiðunar um hlutfallslegt vægi einstakra námsþátta. Umfang náms og kennslustundafjöldi á viku tekur mið af stöðu hvers og eins. Bóklegi hluti námsins fer ýmist fram á brautinni sjálfri eða veittur er einstaklingsstuðningur á öðrum námsbrautum skólans. Verklega námið felst í verklegum áföngum innan skólans og/eða starfsþjálfun á vinnustað í samræmi við getu og áhuga nemans.

Nemendur eru allir saman í ákveðnum áföngum. Í séráföngum brautarinnar er þeim kennt í litlum hópum og þeir sem ekki geta nýtt sér hópkenndu fá einstaklingskennslu eftir því sem aðstæður leyfa. Umsögn að loknu námi byggist í aðalatriðum á einstaklingsmati.

Til að auðvelda nemendum á starfsbraut þátttöku í félagslífi hefur gefist vel að ráða áhugasama ófatlaða nemendur til aðstoðar. Sú starfsemi hefur verið í samvinnu við liðveislur Svæðisskrifstofu málefna fatlaðra og sveitarfélög viðkomandi nemenda.

Nemendafjöldi á starfsbraut er mjög misjafn og þeir koma af öllu skólasvæðinu. Sumir fara í Fjöliðjuna að skóladegi loknum og af hálfu bæjarins er verið að skoða þjónustu við fatlaða að loknum skóla. Formleg tengsl eru á milli þessara aðila og deildarstjóri fer oft á fundi í Fjöliðjuna til að miðla upplýsingum. Hins vegar er ekkert formlegt samstarf við fyrirtæki um starfsþjálfun fyrir fatlaða.

5.2.2 Nemendur af erlendum uppruna

Innflytjendur eru margir á aðalupptökusvæði FVA. Um 20 nemendur skólans eru með annað móðurmál en íslensku. Hópurinn skiptist aðallega í tvennt, Palestínumenn og fólk frá Austur-Evrópu og eiga þeir fátt sameiginlegt. Tungumálaerfiðleikar eru miklir og ekki hjálpar til að

⁴⁰ Skólanámskrá Fjölbrotaskóla Vesturlands. (2011), bls. 22.

stafróf Palestínnumanna er ólíkt hinu latneska. Enska er ónógt samskiptamál við báða aðila. Innbyrðis reyna hóparnir tveir að tala saman á íslensku en í reynd eru samfélög beggja býsna lokuð í skólanum. Að sögn skólameistara er námsgengi þessara nemenda almennt lakara en meðalnemandans og of fáir brautskrást. Í skólanum er rússneskumælandi kennari sem getur talað þá sem hafa slavnesk mál að móðurmáli. Báðir hóparnir fá sérstaka íslenskukennslu.

Í skólanámskrá er móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Í henni er fjallað um innritun, samstarf við grunnskóla, hvernig staðið er að fyrsta viðtali, einstaklingsnámskrá og samstarf kennara og námsráðgjafa.⁴¹ Námsráðgjafar sjá um og skipuleggja móttökuvíðtöl við hvern nemanda og foreldra hans. Skólinn útvegar túlk ef þörf þykir. Á þessum fundum er gerð grein fyrir helstu starfsháttum skólans, þjónustu, samstarfi og reglum. Þá er kynntur stuðningur sem stendur til boða, s.s. aðgengi að námsráðgjöfum, kennslu í íslensku sem öðru tungumáli, veittar eru upplýsingar um nemendafélag, o.fl. Að þessu búnu er nám hvers og eins skipulagt. Áhersla er lögð á að allir sækji almenna áfanga til að styrkja tengsl milli allra þjóðernishópa. Einnig útvega námsráðgjafar félagastuðning úr jafningjahópnum fyrir þá sem þurfa. Þeir halda jafnframt utan um og skipuleggja samstarf og fundi með kennurum og sjá um tengsl við annað starfsfólk skólans.

Í víðtölum kom fram að erlendir nemendur eru talsvert sér á báti í skólanum, blandast lítið við skólafélaga af íslenskum uppruna en nokkuð innbyrðis. Að mati deildarstjóra eiga palestínskir nemendur sérstaklega erfitt. Þeir eru langt á eftir Íslendingum í námi og eiga fremur litla möguleika á að ná góðum árangri þótt þeir leggi mikið á sig og kennarar horfi í gegnum fingur sér um ýmis atriði. Ekkert sérstakt utanumhald er um erlendu nemendurna af hálfu skólans og þeir eru flestir á almennum brautum. Menningarbundinn munur er líka mikill og sem dæmi var nefnt að tíminn er afstæður í huga Palestínnumanna sem leiddi til að mætingum þeirra í skólann var mjög ábótavant uns haldinn var fundur með túlki síðastliðið haust. Þá kom í ljós að þeir höfðu ekki skilið skólasóknarreglurnar rétt.

Íslenskir nemendur segjast hafa lítil en tilfallandi samskipti við erlenda skólafélaga sína, einkum sé erfitt að mynda tengsl við palestínsku unglíngana. Þeir séu það margir að þeir geti einangrað sig og geri það. Flestir þeirra geti samt talað bjagaða íslensku og einstaka náð góðum tókum. Það auðveldar samskipti og þar með félagslega blöndun.

5.3 Nemendafélag FVA

Við FVA er starfandi nemendafélag, NFFA. Samkvæmt lögum félagsins er hlutverk þess að standa vörð um sameiginlega hagsmuni nemenda, stuðla að blómlegu og kröftugu félagslífi á meðal nemenda í FVA og efla tengsl nemenda innbyrðis, sem og við aðra skóla. Þessum tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að halda félagsfundi eins oft og þurfa þykir, styðja nemendur í því sem þeir aðhafast í félagsstörfum og að efna til ýmissa uppákoma og mannfagnaða. Allir nemendur FVA sem greiða gjald til nemendafélagsins eru sjálfkrafa félagsmenn.

Stjórn NFFA er skipuð fimm nemendum. Kosningar fara fram að vori en þá er lýst eftir framboðum til formannskjörs og þriggja einstaklinga í stjórn auk tveggja varamanna. Fimmti stjórnarmaðurinn er kosinn í upphafi haustannar úr hópi nýnema. Á kjörseðli eru allir frambjóðendur taldir upp í stafrófsröð og tilgreint hverjir þeirra gefa kost á sér til formennsku. Hver kjósandi tilgreinir hvern af frambjóðendum til formennsku hann velur sem formann og merkir að auki við þrjú önnur nöfn.

Stjórn fer með hlutverk nemendaráðs skv. lögum um framhaldsskóla. Hún hefur úrskurðarvald í málefnum NFFA og hefur yfirumsjón með allri starfsemi nemendafélagsins. Stjórnin sér um úthlutun fjár til nefnda NFFA og annast gerð fjárhagsáætlunar fyrir starfsemi

⁴¹ *Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands*. (2011), bls. 23.

félagsins. Stjórn NFFA annast í samráði við stjórnendur skólans kjör tveggja fulltrúa nemenda í skólaráð, í samræmi við lög um framhaldsskóla og reglugerð menntamálaráðherra um skólaráð.

Á vegum nemendafélagsins eru starfræktir klúbbar af ýmsu tagi og nefndir, s.s. viskuklúbbur, leiklistarklúbbur, Ljósmyndaklúbburinn Myrkraverk, Góðgerðafélagið Eynir, íþróttaklúbbur, tónlistarklúbbur, vefnefnd, opnudaganefnd, árhátíðarnefnd. Auk þess er starfrækt viðburðastjórn sem starfar í nánú samstarfi við aðalstjórn og hefur það hlutverk að örva klúbbastarfsemina. Viðburðastjórn hefur yfirumsjón með kaffihúsakvöldum sem haldin eru a.m.k. tvisvar sinnum á önn. Fyrir hverjum klúbbi fer stjórn sem skipuleggur starfsemina.

Samskipti við stjórnendur skólans ganga mjög lipurlega að sögn stjórnar NFFA. Skólameistari situr stundum stjórnarfundum og félagsmálafulltrúi skólans starfar með stjórn nemendafélagsins sem tengiliður við stjórnendur skólans. Í viðtali við stjórn nemendafélagsins kom fram að fá hagsmunamál nemenda hefðu komið á borð stjórnar á þessu ári. Slík mál kæmu nú orðið frekar upp á borð skólaráðs þar sem þau væru tekin fyrir og afgreidd. Nemendur geta leitað eftir því við félagið að það annist málarekstur fyrir sig gagnvart stjórn skólans en afar fátítt er að það gerðist.

5.4 Mat úttektaraðila

- Skólinn leitast við að veita öllum nemendum sínum kennslu við hæfi og þann stuðning sem þeir þurfa á að halda.
- Nemendum líður almennt vel í FVA og þeim finnst skólinn góður.
- Nemendur hafa gott aðgengi að umsjónarkennurum sínum og námsráðgjöfum.
- Vel er búið að starfsbraut skólans.
- Margir nemendur af erlendum uppruna eru í FVA. Námsgengi margra þeirra er ekki nógu gott og fáir hafa mikil samskipti við nemendur af íslenskum uppruna.
- Nemendafélag FVA er öflugt og heldur úti virkri félagsstarfsemi auk þess að sinna hagsmunagæslu fyrir nemendur.

6 Skólabragur og samskipti

Fjölbrautaskóli Vesturlands er eini framhaldsskólinn á Akranesi og á þar með góða möguleika á að marka sér ákveðna sérstöðu í samfélaginu. Það telur skólameistari að honum hafi tekist að gera sem skili sér meðal annars í því að hann sé fyrsti valkostur langflestra við námslok úr grunnskólum á svæðinu. Umsækjendur velji skólann fyrst, síðan námsleið innan hans. Til að auðvelda þetta námsval og efla samskipti nemenda er margt samkennt á fyrsta ári, til dæmis er það algerlega sameiginlegt í mál- og byggingagreinum. Skólameistari telur námsframboðið í góðum takti við atvinnulíf á svæðinu og nefnir þar sérstaklega verkgreinarnar og nám á heilbrigðisviði (sjúkraliðabraut). Fulltrúar foreldra segja bæjarbúa stolta af skólanum, finnst hann mikilvægur en gremjist um leið niðurskurður síðustu ára.

Undir þetta sjónarmið taka margir og allir rýnihópar viðmælenda nema einn voru sammála um að í skólanum ríki heilsteyptur skólabragur og lítil aðgreining sé á milli eininga. Undantekningin er rýnihópur nemenda í verknámsgreinum sem staðhæfir að FVA sé í raun tveir skólar, bóklegur og verklegur. Þessir nemendur segja iðnnemana blanda lítið geði við aðra og skipan húsnæðisins eigi sinn þátt í því. Málmiðngreinarnar skeri sig mest úr, enda með starfsemi sína í stakstæðu húsi. Þetta leiði ekki til rígs eða samanburðar á milli hópa, samskiptin þeirra á milli séu bara sáralítill.

Stjórn nemendafélagsins tekur ekki undir þetta og það gera kennarar ekki heldur. Að sögn stjórnarinnar eru starfræktir margir klúbbar og helsta viðfangsefni hennar og þeirra er að sjá til þess að félagslífið sé blómlegt. Meðal vinsælla viðburða eru kaffihúsakvöld sem haldin eru annað veifið í (mötuneytis)sal skólans. Dæmi eru um að á þriðja hundrað nemenda mæti á slík kvöld. Aðrar skemmtanir eru t.d. svokallað Skammhlaup, viðburður þar sem keppt er í óhefðbundnum íþróttagreinum, s.s. stultuhlaupi og stafsetningu. Umsjón með félagslífi nemenda hefur félagsmálastjóri úr hópi kennara. Hann starfar með stjórn nemendafélagsins. Ásamt starfshópi um *Heilsueflandi framhaldsskóla* sér félagsmálastjóri um að fylgja eftir stefnu skólans í forvarnamálum.

Skólameistari segir að skólinn sé um flest hefðbundin menntastofnun en meðal sérkenna megi nefna auðugt tónlistarlíf og áherslu á að hann sé fyrir alla, allir séu jafn velkomnir.

Nemendur, kennarar og annað starfsfólk er sammála um að samskipti innan stofnunar séu auðveld, boðleiðir stuttar og aðgengi að stjórnendum til fyrirmyndar. Í rýnihópi deildarstjóra var þetta orðað svo að skólinn sé lýðræðislega sinnaður og ónefndur viðmælandi segir að það sé í anda skólameistara – hann vilji banna sem fæst, leggi meira upp úr samræðu og lausnaleit án boða og banna. Þessi góði starfsandi hefur ítrekað verið staðfestur í innra mati skólans.⁴²

Sú skoðun kom fram í rýnihópi kennara að ekki hafi tekist nægilega vel að kynna skólann út á við og ímynd hans sé veikari en hún ætti að vera miðað við gæði. Nemendur hafi fremur veika sjálfsmynd sem hópur og þeir séu ekki eins stoltir af skólanum og þeir ættu að vera. Í þessu þurfi að vinna og það verði best gert með öflugum félagslífi.

Heimavistarstjóri hælir vistarbúum fyrir kurteisi í samskiptum og húsvörður segir umgengni almennt í allgóðu lagi.

6.1 Mat úttektaraðila

- Fjölbrautaskóli Vesturlands er eini framhaldsskólinn á Akranesi, hann er fyrsti valkostur flestra nemenda á svæðinu og hefur ákveðna sérstöðu sem slíkur.
- FVA er um sumt tvískiptur í verknám og bóknám en jafnframt skiptist verknámið upp í nokkrar einingar. Skólinn er í reynd bæði einn og fleiri skólar (að mestu) undir sama þaki.

⁴² *Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 6–7.

7 Innra mat

Innra mat í FVA fer fram með þeim hætti að því er skipt niður í nokkra þætti (A til L) eins og sést í töflu 11. Til 2008 var fylgt þeirri reglu að gera þáttum A til I skil á tveggja ára fresti. Frá 2009 hefur hver þáttanna verið metinn á þriggja ára fresti. Þar sem X eru undirstrikuð eru spurningalistar og önnur ýmis önnur gögn á bak við á vef skólans.⁴³

Tafla 11: Sjálfsmatsáætlun FVA 2008–2014.

	Skólaár											
	2008-9	2009-10	2010-11	2011-12	2012-13	2013-14	Önn					
	H08	V09	H09	V10	H10	V11	H11	V12	H12	V13	H13	V14
A. Matskerfi (þ.e. skjalið sem þú ert núna með á skjánum) skal endurskoða á tveggja ára fresti.												X
B. Skýrsla þar sem niðurstöður mats á einstökum þáttum eru teknar saman og tengdar markmiðum skólastarfsins.		X				X		X				X
C. Samantekt um mat á stjórn skólans.							X					
D. Samantekt um mat á starfi kennara.						X						X
E. Samantekt um kannanir meðal starfsmanna á starfsanda, vinnuumhverfi o.fl.					X							X
F. Mat á stöðu, aðbúnaði, kennslu, námsmati og árangri í einstökum deildum og fögum.									X			
G. Samantekt um mat á húsnæði og aðbúnaði/aðstöðu.					X							X
H. Samantekt um mat á þjónustu skrifstofu, bóksafns, heimavistar, mötuneytis, tölvukerfis.						X						X
I. Samantekt um mat á framkvæmd skólareglna, líðan nemenda, félagslífi, forvörnum, námsráðgjöf, umsjón og aðbúnaði nemenda.		X					X					
J. Tölfræðileg yfirlit yfir námsárangur, skólasókn, nemendafjölda.	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
K. Tölfræðileg yfirlit yfir nýtingu á kennslu og brottfall.	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X	X
L. Niðurstöður könnunar meðal útskriftarnema. Skólameistari leggur þessa könnun fyrir í lok hverrar annar.		X		X		X		X		X		X

Í *Matskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011* er gerð góð grein fyrir framkvæmd sjálfsmatsins undangenginn áratug (frá skólaárinu 2002–2003) og þar er þáttunum tólf skipt upp í sextán liði. Svör nemenda og starfsmanna eru greind og mat lagt á styrkleika sem veikleika. Þá er einnig gerð grein fyrir því til hvaða viðbragða skólinn vill grípa að fengnum niðurstöðum úr hverjum lið. Undir lok skýrslunnar eru birtar þýðingar á viðmiðum um sjálfsmat úr bókinni *Guidelines for good practice in evaluation* (2004) sem gefin er út af bresku matssamtökunum.

⁴³ *Matskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011*. (2011), bls. 1–3; *Mat á starfi Fjölbrautaskóla Vesturlands*. [Án árs].

Framkvæmd og úrvinnsla kannana í tengslum við sjálfsmatið hefur jafnan verið í höndum aðstoðarskólameistara. Að hans áliti og skólameistara liggur mikil vinna að baki en niðurstöður séu á þann veg að flestir megi allvel við una. Til lengri tíma litið hafi útkoma sjálfsmatsins farið batnandi sem að líkum megi rekja til þess að brugðist hefur verið við neikvæðum niðurstöðum og starfshættir lagaðir þegar matið hefur gefið tilefni til þess.⁴⁴

Ekki hafa verið skilgreind viðmið um námsárangur í skólanum en á hverri önn er rýnt í hann og skólasókn sem hluta af innra mati skólans. Viðbrögð við sveiflum í námsárangri hafa helst verið þau að einstakar deildir fara yfir stöðuna ef útkoma úr prófum er lakari en vænta má.⁴⁵

Í viðtali við skólameistara sem lengst hefur unnið að sjálfsmati í FVA kom fram að hann telur kerfisbundið innra mat mikilvægt. Hann segir að fyrstu árin hafi of mikið verið lagt undir, of miklum gögnum safnað og ekki tekist að vinna úr þeim sem skyldi. Nú hafi menn minna umleikis með því að kanna lykilorði skólasterfsins sjaldnar en reglubundið, t.d. á þriggja ára fresti, með tiltölulega fáum spurningum. Þannig fáist upplýsingar um hvað það sé sem skoða þarf betur. Með góðu skipulagi sé þetta ekki óhófleg vinna og ekki þörf fyrir mikla yfirbyggingu. Plútó er notaður til þess að leggja spurningalista fyrir nemendur og kennara. Nemendur meta frammistöðu kennara sem aftur meta sína áfanga á þriggja ára fresti með því að svara tiltölulega opnum spurningum með orðum. Eftir úrvinnslu fær kennari skýrslu sem er til umræðu í starfsmannasamtali þar sem farið er yfir svör beggja aðila.

Innra matið var áður tengt við launakerfið. Meðan enn var veitt fé til staðbundinna launahækkana fengu kennarar launahækkun eftir ákveðnu stigakerfi fyrir endurmenntun og fyrir útkomu úr mati. Flestir fengu eitt eða tvö stig, mjög sjaldan núll eða þrjú. Þetta hefur ekki verið virkt eftir hrun en var gert nokkrum sinnum og mæltist þokkalega fyrir.

Kennarar eru bæði þátttakendur í úrvinnslu og túlkun á niðurstöðum innra mats. Kerfið sjálft er búið til af samstarfshópi sem aðallega var skipaður úr þeirra hópi en skrifstofufólkið annast keyrslu þess þegar að henni kemur.

Skólameistari segir ekki tilefni til þess að taka upp gæðakerfi eins og ISO. Telur að lítil stofnun eins og FVA beri það ekki.

7.1 Mat úttektaraðila

- Vel virðist staðið að sjálfsmati FVA að flestu leyti. Matið á sér drjúga sögu, það er skipulagt langt fram í tímann og tekur til ákveðinna þátta í senn.
- Sjálfsmat skólans hefur skýra tengingu við markmið skólanámskrár og skynsamleg nálgun virðist viðhöfð við skipulag matsins og framkvæmd.
- Sjálfsmat skólans er bæði umbóta- og samstarfsmiðað en standa má markvissar að umbóta- og þróunarstarfi í kjölfar þess.
- Koma þarf upp skýrum viðmiðum um árangur í innra mati á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur. Þessi viðmið verði gerð sýnileg kennurum, nemendum og foreldrum.

⁴⁴ *Matskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011.* (2011), bls. 22.

⁴⁵ Sama heimild, bls. 19.

8 Foreldrasamstarf og ytri tengsl

8.1 Foreldraráð

Foreldraráð starfar svo sem lög gera ráð fyrir við FVA.⁴⁶ Sá háttur er hafður á að stjórn þess er ævinlega skipuð foreldrum ólöggráða nemenda og nú háttar svo til að börn þeirra allra eru í bóknámi. Stjórnin fundar nokkuð reglulega og heldur fundargerðir en þær eru hvergi aðgengilegar á vef. Lög foreldraráðs eru aðgengileg á vef FVA.

Að sögn stjórnarinnar hafa meginviðfangsefni ráðsins tengst félagslífi nemenda, einkum vímuefnavörnum á skóladansleikjum sem haldnir eru utan skólans, aðallega í Gamla kaupfélaginu. Stjórnarmenn lýstu mikilli óánægju með að hætt sé að láta ólöggráða nemendur blása í blöðru við komu á dansleiki, það hafi verkað hamlandi á áfengisneyslu þeirra.

Aðspurðir sögðu fulltrúar foreldra að þeir hafi ekki fengið formlega kynningu á skólanámskrá og að ekki hafi verið leitað eftir aðkomu þeirra að endurskoðun hennar. Þá hafi heldur ekki farið fram nein umræða í skólanefnd um samstarf við grunnskóla á aðalupptöku-svæði skólans. Aðstoðarskólameistari og áfangastjóri staðfesta að aðkoma foreldra að stefnumörkun sé lítil en mikilvægur áfangi í samskiptum heimila og skóla hafi náðst þegar foreldrar ólöggráða nemenda fengu aðgang að Innu. Þar séu margvíslegar upplýsingar og greinilegt sé að margir foreldrar nýti þá leið til að afla sér þeirra.

8.2 Ytri tengsl

Fjölbrautaskólinn á Akranesi á í formlegu samstarfi við Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og Fjölbrautaskóla Suðurnesja í Keflavík. Það hvílir á gömlum grunni og stjórnendur skólanna hittast að jafnaði tvisvar til þrisvar á hverri önn. Þá eru af og til haldnir sameiginlegir kennarafundir til þess að samstillta skólanámskrár þótt þær séu ekki sameiginlegar. Markmiðið er að auðvelda nemendum að fara á milli skólanna, ræða allar meiri háttar breytingar sameiginlega, miðla reynslu og læra af reynslu annarra. Þetta segir skólameistari að hafi gefist mjög vel. Allir skólarnir eru nú þátttakendur í verkefninu um heilsuefandi framhaldsskóla og þeir vinna þessa dagana að sameiginlegu matstæki til þess að meta árangurinn.

Eitt atriði kveikti heitar tilfinningar meðal sumra viðmælenda, uppbygging Menntaskóla Borgarfjarðar í Borgarnesi. Rýnihópur kennara og stjórn foreldrafélagsins gagnrýndu harkalega að tveir framhaldsskólar skuli starfa á ekki stærra svæði og ítrekað var bent á að stofnun framhaldsskóla í Grundarfirði hafi dregið úr aðsókn að FVA, einkum verknámi. Álit gagnrýnenda er að eftir því sem skólarnir á svæðinu séu fleiri dragi úr möguleikum hvers þeirra til að halda úti fjölbreyttu námsframboði sem aftur leiði til þess að fleiri leiti til höfuðborgarsvæðisins í nám. Skólameistari lítur málið jákvæðari augum og segir reynt að byggja upp gott samstarf skólanna þriggja þótt það sé frekar lítið enn sem komið er. Lengst er komin tilraun með að nemendur á Snæfellsnesi taki fyrsta árið í málm- og tréiðnum heima fyrir en komi síðan í FVA til þess að iðka faggreinarnar.

Nemendur skólanna þriggja á Vesturlandi hittast til skiptis einu sinni á ári í svokallaðri West Side keppni og unnið er að því að koma á félagslegum samskiptum nemenda við Framhaldsskólann í Mosfellsbæ.

⁴⁶ Lög foreldraráðs Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. (2009).

8.3 Mat úttektaraðila

- Foreldrafélag FVA fundar nokkuð reglulega og er tiltölulega virkt, einkum í málefnum er snerta forvarnir.
- Foreldrafélag FVA er hvorki beinn aðili að endurskoðun á skólanámskrá né stefnumörkun innan skólans.
- FVA á í góðu og árangursríku sambandi við systurskóla sína á Suðurnesjum og á Selfossi.
- Hægt hefur gengið að koma á formlegu og árangursríku sambandi kennara og stjórnenda framhaldsskólanna þriggja á Vesturlandi. Það samband þarf nauðsynlega að efla, meðal annars með það að markmiði að skýra verkaskiptingu milli skólanna og stuðla að greiðu flæði nemenda á milli þeirra.
- Markvisst þarf að vinna gegn neikvæðri umræðu er beinist að Menntaskóla Borgarfjarðar og meintum neikvæðum áhrifum hans á aðsókn í FVA.
- Félagsleg samskipti nemenda framhaldsskólanna á Vesturlandi eru smám saman að taka á sig fast form og er það vel.

9 Niðurstöður

Fjölbrautaskóli Vesturlands á Akranesi er áfangaskóli þar sem öllu námi er skipað niður í skilgreinda námsáfangi. Skólinn var settur í fyrsta sinn 6. febrúar 1987 og stofnaður á grunni Fjölbrautaskólans á Akranesi (1977). Skólinn er fjölbreyttur, hann sinnir þörfum samfélagsins vel og nýtur trausts og velvildar. Hann er vel mannaður kennurum og öðru starfsfólki en heildarfjöldi starfsmanna FVA er 69 í um 55 stöðugildum. Af 44 starfsmönnum við kennslu er aðeins einn leiðbeinandi sem er í fullu starfi og annar í 16,67%.

Við upphaf haustannar 2011 voru 623 nemendur skráðir í skólann en að jafnaði innritast 125–130 nýnemar í skólann að hausti. Piltar eru talsvert fleiri en stúlkur eða um 60% á mótí 40%. Nemendur skiptast á 18 skilgreindar námsbrautir, félagsfræðibraut er þeirra fjölmennust, þá náttúrufræðibraut og þriðja almenn námsbraut, undirbúningsnám. Réttur helmingur nemenda stundaði nám á þremur bóknámsbrautum til stúdentsprófs haustið 2011 en um 100 nemendur stunduðu nám á iðn- og verknámsbrautum. Brottfall nemenda hefur sveiflast nokkuð á milli anna eða frá 5% í 11%. Ekki liggja fyrir skýringar um ástæður sveiflnanna. Þá eru óheimilar fjarvistir ákveðið áhyggjuefni meðal stjórnenda skólans en mikill tími þeirra og námsráðgjafa fer í að elta við nemendur sem mæta illa.

Skólanámskrá hefur verið endurskoðuð árlega frá 2002. Skólameistari hefur verið ábyrgur fyrir þeirri vinnu en iðulega haft drjúgan hóp kennara sér við hlið. Í námskránni eru markmið skólans sett skýrt fram og í raun má segja að í því fyrsta felist stefna skólans. Þá er greint frá stefnu hans í einstökum málefnum eins og kveðið er á um í aðalnámskrá. Engin umfjöllun er um kennsluhætti utan það að fjallað er um rétt kennara til að halda vinnufrið í kennslustundum. Það er ófullnægjandi og jafnframt þarf að móta stefnu um endurmenntun eða starfsþróun. Framundan er umtalsverð vinna við endurskoðun á skólanámskrá á grundvelli aðalnámskrár framhaldsskóla frá 2011 sem skilgreinir sex grunnþætti menntunar er eiga að vera sýnilegir í starfsháttum og skipulagi skóla. Ætlast er til að lykilhæfni og grunnþættir fléttist saman og myndi burðarstoðir í öllu starfsumhverfi og skólabrag. Þessi endurskoðun er þegar hafin.

Í skólanámskrá er gerð góð grein fyrir námi og námsframvindu í FVA. Kennsluhættir eru mismunandi eftir kennurum að mati nemenda. Þeir segja kennara í verkgreinum ganga eftir því að nemendur skilji það sem kennt er en fyrirlestrarform sé algengt í bóknámsáföngum. Vinna með útgefið námsefni er almenn regla í bóknámsáföngum en vegna skorts á slíku efni verða verknámskennarar að semja mikið sjálfir. Hver nemandi nýtur að jafnaði meiri athygli í verknámi en bóknámi, einkum þegar lengra er komið. Nokkuð stór hluti verknámsnemenda fellur fljótt út vegna ónógrar frammistöðu. Til umræðu er að auka ábyrgð nemenda á eigin námi, draga úr fyrirlestrum og leggja meira upp úr verkstjórn í tímum. Ekki er gert ráð fyrir því að nemendur eigi fartölvu og engin ofurtrú er á gagnsemi hennar fyrir nám nemenda. Nemendur taka undir það að tölvur séu ekki mikið notaðar í kennslu.

Í flestum áföngum eru haldin lokapróf í annarlok og þau eru venjulega stærsti hluti námsmatsins. Einkunnir fyrir próf eru gefnar í heilum tölum frá 1 til 10 en heimilt er að nota annars konar einkunnir fyrir verkefni, t.d. umsagnir eða bókstafi. Fyrirkomulag námsmats er vel kynnt í upphafi náms. Að loknu prófi eiga nemendur þess kost að skoða prófúrlausnir sínar í viðurvist kennara. Ekki hafa verið skilgreind viðmið um námsárangur.

Sérfræðiþjónusta er í meginatriðum byggð á námsráðgjöf skólans. Ráðgjöfin virðist vera vel mönnum þótt reynt hafi verið að klípa af þjónustunni í hagræðingarskyni. Námsráðgjafar sinna ekki greiningum en styðjast við greiningar sem nemendur koma með sér úr grunnskólanum. Í ljósi lagaákvæða um fræðsluskyldu á framhaldsskólastigi hefur FVA lagt sig fram um að hafa nám við hæfi allra sem þangað vilja sækja. Starfræktar eru námsbrautir fyrir þá sem ekki hafa náð tilskildum einkunnamörkum til að hefja nám á hefðbundnum námsbrautum skólans og þá er jafnframt starfrækt starfsbraut fyrir þroskaskerta nemendur.

Í skólanámskrá er móttökuáætlun fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Innflytjendur eru margir á skólasvæði og nærfellt tveir tugir nemenda FVA eru af erlendu bergi brotnir og tala takmarkaða íslensku. Hópurinn skiptist að mestu leyti í tvennt, Palestínnumenn og fólk frá Austur-Evrópu. Enska er ónógt samskiptamál við báða aðila sem veldur erfiðleikum. Báðir hóparnir fá sérstaka íslenskukennslu.

Stjórnun FVA er í traustum skorðum og í samræmi við lög, reglugerðir og viðurkennda starfshætti. Árlega eru gefnar út árskýrslur þar sem gerð er grein fyrir meginþáttum í starfsemi skólans og rekstri. Skýrslurnar eru aðgengilegar á vef FVA. Skipað er í skólanefnd skv. ákvæðum laga og fundar hún eftir því sem þörf ber til. Skólaráð er kjörið og starfar eftir þeim reglum sem um það eru sett en lítil ásókn er meðal nemenda að sitja í ráðinu. Auk lagabundinna nefnda eða ráða starfar við skólann fulltrúaráð sem skipað er fulltrúum þeirra sveitarfélaga sem að skólanum standa. Ráðið fundar reglulega, það hefur stutt skólann dyggilega og styrkir tengsl við sveitarfélögin. Í lögum og nýrri aðalnámskrá er lögð áhersla á lýðræði og valddreifingu. Markmiðið er að tryggja hagsmunaaðilum, s.s. nemendum og foreldrum, aðkomu að ýmsum ákvörðunum. Full ástæða er fyrir skólann að huga að því hvort ekki megi skapa nemendum aukna aðkomu að úrvinnslu ýmissa mála er varða innra starf.

Stjórnkerfi skólans er tiltölulega lágreist. Greitt aðgengi er að stjórnendum og áhersla lögð á opin og jákvæð samskipti stjórnenda, starfsmanna og nemenda. Næstir skólustjóra eru aðstoðarskólustjóri, áfangastjóri og fjármálastjóri en því næst koma tíu deildarstjórar, umsjónarmaður húsnæðis og forstöðumaður mótuneytis. Starfslýsingar hafa verið gerðar á störfum millistjórnenda. Ekki hefur verið mótuð starfsmannastefna fyrir skólann og engin áætlun er til um móttöku nýrra starfsmanna né endurmenntunaráætlun. Starfsmannavelta er lítil og meðalstarfsaldur kennara langur. Líðlega 55% þeirra er með meira en 15 ára starfsaldur. Það eitt segir að kennurum líður vel og að starfsandi sé góður.

Þegar rýnt er í forföll og forfallakennslu vekur athygli hátt hlutfall kennslustunda sem falla niður. Óánægju gætir meðal foreldra og nemenda vegna þessa og opinskátt er rætt um óeðlilegar fjarvistir. Brýnt er að skólinn taki á vandanum og leiti leiða til að draga úr forföllum kennara.

Rekstur FVA gekk vel á árinu 2011. Nokkur afgangur var sem kemur til greiðslu á uppsöfnuðu tapi fyrri ára. Skólinn hefur búið við minnkandi fjárframlög vegna aðhaldsaðgerða ríkisins og fækkunar nemenda. Hagræðingaraðgerðir hafa falist í stækkun námshópa, minna námsframboði með fækkun áfanga, skólaakstri hætt og samdrætti í rekstrarútgjöldum, s.s. til bókasafns.

Í FVA ríkir heilsteypur og jákvæður skólabragur. Niðurstöður úr sjálfsmati benda til að nemendum líði almennt vel í skólanum. Lítið verður vart við einelti. Að mati nemenda er skólinn góður og hann stendur fyllilega undir væntingum þeirra. Akurnesingar eru stoltir af skóla sínum, finnst hann mikilvægur og gremst mikill niðurskurður í starfsemi hans.

Ekki verður annað séð en að framkvæmd innra mats sé í samræmi við lög, aðalnámskrá og skólanámskrá. Mótuð hefur verið sjálfsmatsáætlun til skólaársins 2013–14. Í henni eru tilgreindir tólf þættir sem teknir eru til mats með reglubundnum hætti. Sjálfsmatið hefur skýra tengingu við markmið skólanámskrár sem er til fyrirmyndar. Það er bæði umbóta- og samstarfsmiðað og á grundvelli niðurstaðna eru gerðar umbætur. Skilgreina þarf árangursviðmið og gera þau sýnileg kennurum, nemendum og foreldrum. Árlega er niðurstaða innra mats kynnt í sjálfsmatsskýrslu sem aðgengileg er á vef skólans.

Eins og lög gera ráð fyrir starfar foreldraráð við FVA. Stjórn þess er kosin úr hópi foreldra ólöggráða nemenda. Stjórnin fundar reglulega og heldur gerðabók en fundargerðir eru ekki aðgengilegar á vef skólans. Meginviðfangsefni ráðsins tengjast forvarnastarfi en foreldrafélagið hefur litla aðkomu að stefnumótun að öðru leyti.

9.1 Styrkleikar og veikleikar

Styrkleikar:

- Fjöldi nemenda í reglubundnu námi hefur verið nokkuð stöðugur undanfarin ár þrátt fyrir fjölgun framhaldsskóla á Vesturlandi.
- Húsnæði skólans er stórt og ytri aðstæður til skólahalds almennt góðar.
- Námsframboð er fjölbreytt miðað við stærð skólans.
- Vel er haldið um tölvukerfi skólans og heimatilbúið vefnámssumhverfi nýtur vinsælda meðal nemenda sem starfsmanna.
- Skólanámskrá er endurskoðuð reglulega, hún er skipulega upp sett og er í alla staði skilmerkilegt reglusafn skólans.
- FVA hefur verið virkur þátttakandi í ýmsum skólaþróunarverkefnum á liðnum árum.
- Skipurit FVA er skýrt og auðvelt að vinna eftir því.
- Bakland skólastjórnenda er gott þar sem þeir hafa bæði lögbundna skólanefnd og skólaráð auk fulltrúaráðs aðildarsveitarfélaga að ráðfæra sig og styðjast við.
- Lítil starfsmannavelta.
- Góður vinnustaður.
- Nemendum líður almennt vel í FVA og þeim finnst skólinn góður.
- Nemendur hafa gott aðgengi að umsjónarkennurum sínum og námsráðgjöfum.
- Vel er búið að starfsbraut skólans.
- Nemendafélag FVA er öflugt og heldur úti virkri félagsstarfsemi auk þess að sinna hagsmunagæslu fyrir nemendur.
- FVA er fyrsti valkostur flestra nemenda á Vesturlandi og hefur ákveðna sérstöðu sem slíkur.
- Sjálfsmat skólans hefur skýra tengingu við markmið skólanámskrár.
- Sjálfsmat skólans er bæði umbóta- og samstarfsmiðað.
- Foreldrafélag FVA fundar nokkuð reglulega og er tiltölulega virkt, einkum í málefnum er snerta forvarnir.
- FVA á í góðu og árangursríku sambandi við systurskóla sína á Suðurnesjum og á Selfossi.
- Félagsleg samskipti nemenda framhaldsskólanna á Vesturlandi eru smám saman að taka á sig fast form.

Veikleikar

- Brottfall nemenda er fremur hátt (um 8% almanaksárið 2011).
- Búnaði til kennslu í málmiðngreinum er stórlega ábótavant og aðstæður til kennslu í rafiðngreinum eru ófullnægjandi.
- Bókasafn skólans hefur ekki náð að festa sig í sessi sem miðlægt menntaver, notkun þess fer minnkandi og stórlækkað starfshlutfall bókavarda bætir þar ekki úr skák.
- Í skólanámskrá vantar menntastefnu og sýn til framtíðar.
- Skólanámskrá FVA er ekki lifandi plagg í augum nemenda og þeir eru sér lítt meðvitaðir um tilvist hennar og hlutverk. Kennsla í bóknámsgreinum er að mestu bókarstýrð og yfirferð miðast að jafnaði við meðalnemanda.
- Engin samræmd stefna er um nýtingu tölva við kennslu.
- Engin samræmd stefna er um fyrirkomulag námsmats sem er alfarið í höndum einstakra kennara.
- Fjölbrotaskóli Vesturlands hefur búið við þröngan fjárhagslegan kost eftir hrun og rekstur hans er kominn inn að beini.
- Niðurskurður í rekstri hefur komið niður á búnaðarkaupum, endurnýjun tækja, bókasafni og námsframboði

- Tíð forföll kennara frá kennslu koma niður á rétti nemenda til náms.
- Slakt námsgengi nemenda af erlendum uppruna og lítil samskipti við nemendur af íslenskum uppruna.
- Foreldrafélag FVA er hvorki beinn aðili að endurskoðun á skólanámskrá né stefnumörkun innan skólans.
- Heimavistarhús þarfnast gagngerðs viðhalds og í því þarf að leysa skort á sameiginlegri setustofu fyrir nemendur.

9.2 Aðgerðir

- Búnað til kennslu í málmiðngreinum þarf að endurnýja og aðstöðu til kennslu í rafiðngreinum þarf að bæta.
- Móta þarf stefnu um framtíðarhlutverk bókasafnsins og vinna markvisst að eflingu þess sem miðlægrar menntamiðstöðvar í skólanum.
- Vinna þarf skipulega að kynningu skólanámskrár til nemenda og gera hana að lifandi plaggi í augum þeirra.
- Móta þarf stefnu um framtíðarskipan námsmats, einkum fyrirkomulag og framkvæmd þess aukna símats sem mælt er fyrir um í nýrri aðalnámskrá.
- Setja þarf fram markvissa umbóta- og þróunaráætlun til þess að fylgja eftir árlegu sjálfsmati skólans.
- Koma þarf upp skýrum viðmiðum um árangur á grundvelli þeirrar reynslu sem fengist hefur af sjálfsmati skólans. Viðmiðin verði gerð sýnileg kennurum, nemendum og foreldrum.
- Leggja þarf sérstaka rækt við félags- og námslegar aðstæður nemenda af erlendum uppruna með það að markmiði að bæta gengi þeirra.
- Forföll frá kennslu eru of mikil og þau koma niður á rétti nemenda til náms. Á vandanum þarf að taka af meiri festu framvegis.
- Koma þarf á formlegu og virku samstarfi kennara og stjórnenda framhaldsskólanna þriggja á Vesturlandi, meðal annars með það að markmiði að skýra verkaskiptingu milli skólanna og stuðla að greiðu flæði nemenda á milli þeirra.
- Leggja þarf umtalsvert fé í endurbætur á heimavistarhúsi skólans.

10 Heimildir

Hér eru að öðru jöfnu aðeins taldar þær heimildir sem vitnað er beint til í meginmáli. Auk þeirra eru ýmis lög og reglugerðir, tölvupóstar og fleira ótilgreint.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2004). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: almennur hluti. (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.

Atli Harðarson. (2012). Bréf til úttektaraðila, dagsett 8. mars.

Ársskýrslur Fjölbrautaskóla Vesturlands 2005 [og] 2011. (2006 og 2012). Vefslóðir: <http://fva.is/> og http://fva.is/stofnunin/arsskyrslur/arsskyrsla_FVA_fyrir_2011.pdf.

Bókasafn Fjölbrautaskóla Vesturlands. (2011).

Vefslóð: <http://www.fva.is/safn/umsafnid.html>.

Brot úr sögu Fjölbrautaskóla Vesturlands. [Án árs]. Vefslóð: <http://fva.is/>.

Erlend samskipti. [Án árs]. Vefslóð: <http://fva.is/>.

Heimavist. [Án árs]. Vefslóð: <http://fva.is/>.

Lög foreldraráðs Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. (2009).

Vefslóð: <http://www.fva.is>.

Lög um framhaldsskóla nr. 92/2008 með áorðnum breytingum.

Mat á starfi Fjölbrautaskóla Vesturlands. [Án árs]. Vefslóð: : <http://fva.is/>.

Matsskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands á haustönn 2011. (2011). Akranes: FVA.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2012). *Skipunarbréf úttektaraðila*, dags. 3. febrúar.

Námsráðgjöf. [Án árs]. Vefslóð: <http://fva.is/>.

Reglugerð um skólaráð við framhaldsskóla nr. 140/1997.

Samningur um Framhaldsskóla Vesturlands á Akranesi. (2011).

Vefslóð: http://www.fva.is/stofnunin/samningur_um_FVA.html.

Skólanámskrá Fjölbrautaskóla Vesturlands: almennur hluti og námsbrautir. 11. útgáfa.

(2011). Akranes: FVA. Vefslóð: <http://www.fva.is>.

Tölvukerfi FVA. [Án árs]. Vefslóð: <http://www.fva.is/tolvur/>.

Viðtöl (hljóðrituð) við viðmælendur í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi:

- Aðstoðarskólameistari
- Áfangastjóri
- Fjármálastjóri
- Formaður skólanefndar
- Forstöðumaður bókasafns
- Rýnihópur annars starfsfólks (umsjónarmaður húsa, heimavistarstjóri, kerfisstjóri)
- Rýnihópur átta nemenda í bóknámi
- Rýnihópur átta nemenda í verknámi
- Rýnihópur níu kennara úr bóknáms- og verknámsgreinum
- Rýnihópur sex deildarstjóra (íslenska og saga, erlend tungumál, raun- og heilbrigðisgreinar, rafiðngreinar, bygginga- og mannvirkjagreinar, málmíðngreinar)
- Rýnihópur stjórnar nemendafélagsins og félagsmálafulltrúa
- Rýnihópur þriggja námsráðgjafa og deildarstjóra starfsbrautar
- Skólameistari
- Starfsmenn (tveir) á skrifstofu
- Stjórn foreldrafélagsins

Fylgiskjal

Fjölbrautaskóli Vesturlands
Atli Harðarson, skólameistari
Vogabraut 5
300 Akranes

Akureyri 29. febrúar 2012

Efni: Úttekt á starfsemi Fjölbrautaskóla Vesturlands

Eins og fram kemur í bréfi menntamálaráðuneytisins dags. 25. janúar 2012 hefur okkur undirrituðum verið falið að annast úttekt á Fjölbrautaskóla Vesturlands. Markmiðið er að leggja mat á starfsemi skólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá og veita almennt upplýsingar um starfsemi skólans. Úttektina á að byggja á fyrirbyggjandi gögnum, viðtölum við einstaklinga og hópa, auk vettvangsathugana.

Við óskum eftir góðu samstarfi við forystumenn skólans og starfsfólk og viljum í upphafi biðja um að tekin verði saman eftirtalin gögn og send til undirritaðra fyrir 12. mars nk.:

Ársskýrsla 2011.

Skólanámskrá.

Sjálfsmatskýrsla 2011.

Upplýsingar um nemendur:

Aðsókn og innritun nemenda haust 2011 og vor 2012.

Þróun í innritun nemenda að hausti frá 2007 (bóknám/verknám).

Hvaðan koma nemendur (innan/utan upptökusvæðis – hlutfall haust 2011)?

Fjöldi innritaðra nemenda 15. september 2011 og 15. janúar 2012, skipt eftir árgöngum og kynjum.

Skipting nemenda á námsbrautir.

Meðalstærð náms hópa.

Brottfall nemenda.

Upplýsingar um starfsfólk:

Stjórnendur, starfshlutfall og kennsluskylda, kynjaskipting.

Fjöldi kennara í föstum stöðum og starfshlutfall skipt eftir kynjum.

Fjöldi leiðbeinenda og starfshlutfall (hálfstarf eða meira), skipt eftir kynjum.

Fjöldi stundakennara, kennslutímar pr. viku, skipt eftir kynjum.

Fjöldi annars starfsfólks í föstum stöðum og starfsheiti, skipt eftir kynjum.

Menntun kennara:

Fjöldi kennara með BA/BS-próf auk kennsluréttinda.

Fjöldi kennara með MA/MS/M.Ed. próf auk kennsluréttinda.

Fjöldi kennara með doktorspróf auk kennsluréttinda.

Fjöldi kennara með háskólapróf án kennsluréttinda.

Fjöldi kennara með aðra menntun.

Eru kennarar skólans menntaðir í þeim greinum sem þeir kenna?

Endurmenntunarstefna. Hvernig er endurmenntun kennara háttað?

Starfsaldur kennara við skólann, (<3 ár; 3–5 ár; 6–10 ár; 11–15 ár; >15 ár; fjöldi).

Starfsmannavelta við skólann sl. fimm ár.

Skipurit skólans.

Námstími nemenda við brautskráningu.

Umfang forfallakennslu á haustönn 2011.

Fjöldi kennslustunda sem nemendur urðu af vegna forfalla kennara á haustönn 2011.

Upplýsingar um sérstakar áherslur sem skólinn leggur í námi og kennslu.

Upplýsingar um skólaþróunarverkefni sem unnið er að á skólaárinu 2011–2012.

Fyrri úttektir eða kannanir á starfsemi skólans.

Til frekari gagnaöflunar óskum við eftir því að fá að koma í heimsókn í skólann fimmtudag og föstudag 22.–23. mars. Ef einhverjir meinbugir eru á því að taka á mótí okkur ofangreinda daga biðjum við þig að láta okkur vita sem allra fyrst. Í heimsókninni vildum við eiga viðtöl við eftirtalda aðila eins og hér segir:

Fimmtudagur 22. mars

- 8:30-10:00 Skólameistari.
- 10:15-11:15 Rýnihópur deildarstjóra (óskað er eftir þátttöku eftirtalinna deildarstjóra):
Í íslensku og sögu. Í rafiðngreinum.
Í tungumálum. Í bygginga- og mannvirkjagreinum.
Í raun- og heilbrigðisgreinum. Í málmiðngreinum.
- 11:30-12:15 Forstöðumaður bókasafns.
- 13:00-13:45 Rýnihópur nemenda í bóknámi (átta nemendur).
- 14:00-15:00 Rýnihópur kennara úr bóknáms- og verknámsgreinum (8-10 kennarar).
- 15:00-15:45 Námsráðgjafar og deildarstjóri starfsnámsbrautar.
- 16:00-16:45 Stjórn foreldrafélags.

Föstudagur 23. mars

- 8:30-9:30 Skrifstofustjóri, fjármálastjóri og starfsfólk á skrifstofu.
- 10:00-10:45 Rýnihópur nemenda í verknámi (átta nemendur).
- 11:00-12:00 Rýnihópur annars starfsfólks (óskað er eftir þátttöku eftirtalinna starfsmanna):
Umsjónarmaður húsnæðis. Forstöðumaður mótuneytis.
Vistarstjóri. Kerfisstjóri.
- 13:00-14:00 Formaður skólanefndar.
- 14:15-15:00 Stjórn nemendafélags og forvarnarfulltrúi.
- 15:15-16:15 Aðstoðarskólameistari.

Óskað verður eftir því við trúnaðarmann kennara að leita eftir því við bóknáms- og verknámskennara að taka þátt í rýnihópi og gera þeim viðvart um tímasetningu viðtala. Á sama hátt verður leitað eftir því við formann nemendafélags að fá nemendur í rýnihópa bæði úr bóknámi og verknámi. Óskað er eftir því að skólameistari leiti eftir því við aðra viðmælendur að taka þátt í samræmi við ofangreint. Tekið skal fram að ef hagfelldara er fyrir skólann að hafa aðra uppröðun á viðtölunum er ekkert því til fyrirstöðu að breyta uppröðun þeirra í samráði við skólann.

Með bestu kveðju.

